


# BÚFRAEÐINGURINN

## 2019



# MEDAL EFNIS Í BLADINU

- NÝ HAUGGEYMSLA Á HVANNEYRI - Egill Gunnarsson, bústjóri Hvanneyrarbúsins ehf.
- BÆNDUR Á HEYDALSA - Ragnar Kristinn Bragason, bóndi tekinn tali
- INGVI BÚFRÆÐINGUR OG HUNDAÞJÁLFARI - Elin Sara Færseth, Búfræðingur skrifar
- FRÁ BRAUTARSTJÓRA - Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, námsbrautarstjóri búfræði
- NOKKUR ORÐ UM SKÓGRÆKT - Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Búfræðingur og Skógfræðingur
- SAMTÖK UNGRA BÆNDA FAGNA ÁRATUGSAFMÆLI - Stjórnin skrifar
- ÁVEITUR OG MINJAR UM ÞÆR - Bjarni Guðmundsson, fyrrum prófessor við Lbhí

AUK ÞESS PISTLAR FRÁ NEMENDAFÉLAGI LBHÍ, HRÚTAVINAFÉLAGINU HREÐJARI, HESTAMANNAFÉLAGINU GRANA OG KÚAVINAFÉLAGINU BAULU.



Útskriftarhópurinn 2019 ásamt brautarstjóra og rektor



Krufning



Rúningur



Brautskráning



Krufning

## BÚFRÆÐINGURINN 2019

### RIÐSTJÓRN:

Ármann Pétursson  
Elíza Lífdis Óskarsdóttir  
Ragnheiður Hulda Jónsdóttir  
Steinþór Logi Arnarsson  
Þorsteinn Már Ólafsson

### PRÓFARKALESTUR

Elíza Lífdis Óskarsdóttir  
LJÓSMYNDIR AF NEMENDUM  
Steinþór Logi Arnarsson  
FORSÍBUMYND  
Steinþór Logi Arnarsson  
UMBROT OG HÖNNUN  
Þórunn Edda Bjarnadóttir



# New Holland T5



## New Holland T5.120 EC með 740TL ámoksturækjum

- 4 strokka „Common Rail“ mótör, 117 hestafla með ECOBlue Hi-eSCR mengunarvarnarbúnaði ásamt rafmagnshitara á mótör.
- Vökvavendigir og 16x16 vökvaskiptur gírkassi 40 km/h með sjálfskiptimöguleika.
- „ParkLock“ handbremsa í gírstöng.
- 200 A rafall.
- Rafstýrð framdrifsásetning og driflæsing, 100% á báðum hásingum.
- 3ja hraða aflúttak 540/750/1000sn.
- 2 vökvadætur 84 og 34 ltr/mín afköst.
- 4 vökvaventlar (8 vökvauðttök) með flotstöðu og stillanlegu vökvafæði.
- 2 miðjuventlar með stjórnstöng.
- Rafstýribeisli með 5,420 kg. lyftigetu.
- Opnir beislisendar ásamt vökvauðskotnum dráttarkrök.
- Fjaðrandi og rúmgott ökumannshús með miklu útsýni.
- Loftkæling (air condition).
- Útdraganlegir hliðarspeglar með neðri gleiðhorna spegil.
- Loftfjaðrandi ökumannssæti ásamt farþegasæti.
- Hljóðeinangrun 74db. í ökumannshúsi.
- 8 LED vinnuljós og 2 blikkljós á ökumannshúsi.
- Brettabreikkanir og stjórnrofar á afturbrettum fyrir aflúttak og lyftu.
- Dekkjastærðir: 480/65 R24 framan og 600/65 R34 að aftan.
- New Holland 740TL ámoksturækki með 210 cm. skóflu.

Nú er tækifæri til að eignast kröftuga vél með miklum þægindum á mjög hagstæðu verði.

**Verð**

**10.690.000 kr.** án vsk.  
(13.255.600.- kr. með vsk.)

Verð miðast við gengi EUR 140

**Purður Inga G.**



**Frá Skammadal, Mýrdal, IS020598.**

**Foreldrar Lára Oddsteinsdóttir frá Múla í Skaftártungu og Gísli Sigurðsson frá Kópavogi.**

**Af hverju búfræði?** Áhugavert og vissi ekki hvað ég átti að gera við tímann, ákvað að það væri sniðugt að fara á Hvanneyri að stunda nám til að efla þekkingu á mínu áhugasviði.

**Komstu á Hvanneyri í makaleit?** Nei það gerði ég ekki en það endaði nú þannig.

**Hvað gerðir þú lokaverkefni og af hverju?** Teikna og hanna að breyta fjárhúsum í hesthús. Vegna slæmrar stöðu sauðfjárbænda og bjartari framtíðar í hrossarækt.

**Ef þú værir nytjaplanta, hver væri það og af hverju?** Vallarfox vegna þess að allir vilja hafa mig hjá sér en ég er kröfuhörð.

**Hefur námið breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?** Já það hefur breytt því í átt að því góða. Er farin að hallast meira að nautgriparækt og fjær rollunum.

**Besta dráttarvélin?** Það fer eftir því hvern ég er að tala við hverju sinni

**Hvers munt þú sakna frá Hvanneyri?** Félagslífsins aðallega og dagdrykkju...

**Hefur námið hérna á Hvanneyri breytt þér?** Já drekk meiri bjór og hef bætt á mig nokkrum kílóum...

**Umur**



**Frá Laxárdal, Hrótafirði, IS031095.**

**Foreldrar Jóhann Ragnarsson frá Laxárdal í Hrótafirði og Jóna Guðrún Ármannsdóttir frá Vatnsleysu í Fnjóskadal.**

**Af hverju búfræði?** Langaði að læra meira um búskapinn og skepnurnar.

**Komstu á Hvanneyri í leit að maka með eða án jarðar?** Hvort heldur sem er.

**Hvaða bústofn myndirðu vilja búa með?** Sauðfé og hross.

**Ef þú værir nytjaplanta, hver væri það og af hverju?** Rauðsmári því hann er svo litríkur og fallegur.

**Hvaða dráttarvél er best?** Fendti.

**Besta íslenska bíómyndin?** Ég man þig.

**Harðasti iðnaðarmaðurinn í bekknum?** Ármann Péturs.

**Eru geitur hófdýr?** Nei.

**Hver á fallegasta féð?** Ég.





# FRÁ BRAUTARSTJÓRA

ÓLÖF ÓSK GUÐMUNDSDÓTTIR,  
NÁMSBRAUTARSTJÓRI BÚFRÆÐIBRAUTAR

Í dag eru áhugaverðir tímar í landbúnaði á Íslandi, vaxandi umhverfisvitund, breyttir búvörusamningar og alþjóðasamningar kalla á að við sem erum í landbúnaði fylgjumst vel með og séum á tánum. Á svona tímum er mjög gaman að tilheyra skólasamfélagi þar sem margir ungir og frjóir hugar ræða saman um framtíðina og þær áskoranir sem þarf að takast á við. Því við þurfum að líta á þessar breytingar sem áskoranir, þó þær líti út fyrir að vera ógnanir. Ef svo fer fram sem horfir að samþykktur verði innflutningur á fersku kjöti t.d., samhliða lægri tollum og þannig aukinni samkeppni, hljótum við að líta á það sem áskorun og gera okkar besta til að framleiða vöru sem neytendur velja frekar en hið innflutta. Það sama má segja um umhverfismálin. Sem betur fer er töluverð vitundarvakning í gangi núna í samfélaginu varðandi nýtingu auðlinda, kolefnislosun og framtíð jarðarinnar. Þar eru stór verkefni fyrir landbúnaðinn, bæði að verða umhverfisvænni, en einnig að sjá til þess að neytendur séu meðvitaðir um að við séum að gera vel og það sé hægt að kaupa íslenskar landbúnaðarvörur með góðri umhverfissamvisku. Ég hef fulla trú á nemendum okkar, framtíðarbændum, til þess að taka þátt í þessari vinnu og gera það vel.

Áhugi fyrir búfræðinami fer síður en svo minnkandi og við fáum áfram góðar umsóknir frá öllum landshlutum og úr öllum áttum. Nokkrir nemendur sem hafa lokið búvísindanami hafa ákveðið að bæta svo við sig búfræðinni og svo vonum við að við munum sjá nokkra búfræðinga fara áfram í búvísindanám í haust. Verðmæti þekkingar mun aldrei rýrna þrátt fyrir verðbólgu og verðhjöðnun í samfélaginu. Því er afar dýrmætt fyrir landbúnaðinn þegar ungt fólk ákveður að mennta sig í faginu og bæta stöðu þekkingar á málefnum í landinu. Það er alveg ljóst og hefur komið fram í umræðu um Landbúnaðarháskólann að hér er nægt pláss fyrir fleiri fræðimenn á sviði landbúnaðar og því vil ég hvetja alla búfræðinga sem ekki fara beint í búrekstur að íhuga áframhaldandi nám á sviði búvísinda.

Eins og svo oft áður er sól og blíða þegar ég skrifa þennan texta, það vekur hjá mér von um gott vor og betra sumar en síðasta sumar (þ.e.a.s. á þessum hluta landsins). Nýútskrifaðir búfræðingar valhoppa út í sumarið, fróðir og kátir og óska ég þeim alls hins besta í framtíðinni og þakka fyrir prýðisgóða samvinnu og samveru undanfarna tvo vetur.



Úr vorferð útskriftarnema og kennara.

**BIRTA**



**Frá Skálakoti undir Eyjafjöllum,  
IS080897.**

**Foreldrar Guðmundur Jón Viðarsson og  
Jóhanna Sólveig Þórhallsdóttir.**

**Af hverju búfræði?** Vegna þess að mig langaði að læra eitthvað verklegt og kynna fólki alls staðar af landinu.

**Skemmtilegasti tíminn í skólanum?** Verklegu tímarnir

**Hvert er eftirminnlegasta atvikið við veru þína á Hvanneyri?** Þegar ég labbaði inn í íbúðina mína og það var allt í einu komið jólatré.

**Hvernig er að vera stór hrossaræktarbóndi?** Ég er ekki hrossaræktarbóndi.

**Hvað stefnirðu á að gera í framhaldi af náminu?** Fara að vinna og svo vonandi út til Danmerkur.

**Geta hænur flogið?** Nei.

**Hvert fórstu í verknám?** Ég fór fyrsta mánuðinn út til Noregs á sauðfjárbú og svo fór ég norður í Eyjafjörðinn á bæ sem heitir Svertingsstaðir.

**Lýstu bestu sveitinni í þremur orðum?** Eyja, fjöll og fegurð.

**Hermann**



**Frá Merkigili í Eyjafjarðarsveit, IS 300394.  
Foreldrar Sæmundur frá Akureyri og Kristín frá  
Möðruvöllum í Eyjafjarðarsveit.**

**Af hverju búfræði?** Draumurinn er að vera grjótharður bóndi. Búfræðin heillaði mest.

**Draumurinn að búa með?** Kýr og hesta.

**Ef þú værir nytjaplanta hver værir þú og af hverju?** Snarrót, lífseigur andskoti og tröllríð öllum spildum sem ég kemst inn á.

**Hvert er viðurnefnið þitt?** Fyrir hvað stendur það? Og hvernig kom það til? K.Í.M stendur fyrir kóngur íslenskrar menningar og það kom til vegna nokkra vel heppnaðra fyllería.

**Nokkur orð til tilvonandi búfræðinga?** Framtíðin er björt.

**Ef þú værir kind hvernig værir þú þá á litinn og hvort værir þú hrynd eða kollótt?** Mórauður kollóttur hrútur, færi beint inná sæðingastöð.

**Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur Hvanneyrings?** Skilríki til að komast í ríkið, gott rúm og góð geðheilsa.





# HESTAMANNAFÉLAGIÐ GRANI

PURÍÐUR INGA G. GÍSLADÓTTIR,  
SKAMMADAL 2 OG FORMAÐUR GRANA

Hestamannafélagið Grani var stofnað árið 1954 og tilheyrir nemendafélagi Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna þeirra nemenda er nema hestamennsku við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og stuðla þannig að bættri meðferð hrossa, efla hestaþróttir, kynbætur reiðhrossa, styrkja félagslegt samstarf hestamanna og vekja almennt áhuga nemenda á hestaþróttinni. Allir þeir nemendur sem stunda nám við LbhÍ eru félagar í Grana og þeim er öllum velkomið að taka þátt í því félagslífi sem Grani býður upp á.

Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum ár hvert og í vetur höfum við gert margt skemmtilegt. Eftir að ný stjórn tók formlega við var okkar fyrsta verk að selja fatnað merktan Grana. Við vorum með til sölu peysur og jakka frá 66° Norður, sem bæði var hægt að fá merkt og ómerkt. Salan gekk þökkalega vel.


Þann 20. nóvember, þriðjudaginn í árhátíðarvikunni, héldu um 60 nemendur af stað í óvissuferð Grana. Heimsóttir voru 3 bæir sem allir tóku afar vel á móti okkur, byrjað var á Skipaskaga, svo Steinsholt og endað á Skipanesi þar sem við fengum að grilla pylsur. Hér með vil ég þakka þeim öllum kærlega fyrir góðar móttökur. Eftir áramót héldum við tvö mót í reiðhöllinni á Mið-Fossum. Fyrst var keppt í fjórgangi og síðan í tölti. Þátttakan var mjög góð og keppnin bæði sterk og skemmtileg.

Hermann Árnason kom á Hvanneyri og hélt fyrirlestur fyrir okkur um hestaferðir. Það var mjög fróðlegt og áhugavert að fá hann til okkar og þökkum við honum kærlega fyrir að heimsækja okkur.

Að lokum var svo Skeifudagurinn mikli haldinn hátíðlegur sumardaginn fyrsta, 25 apríl s.l., sem var mikil skemmtun. Á þessum degi komu nemendur í Reiðmennsku II fram og sýndu afrakstur vinnu sinnar í vetur og öttu kappi í fjórgangi um



Verðlaunaafhending í tölti Grana 2019. Ljósmynd: Dagrún Kristinsdóttir.



Í kennslustund hjá Gunnari Reynissyni í reiðmennsku II. Ljósmynd: Rósa Björk.

Gunnarsbikarinn. Sá nemandi sem skaraði fram úr í hrossrækt var verðlaunaður, Morgunblaðs skeifan var veitt, framfarabikar Reynis og Eiðfaxabikarinn veittir auk verðlauna sem FT gaf fyrir ásetu. Ekki má gleyma stóðhestahappdrætti Grana þar sem til vinnings voru folatollar undir flotta gæðinga og langar okkur í stjórn Grana að þakka kærlega fyrir veittan stuðning til allra þeirra sem gáfu folatolla til styrktar áframhaldandi áhuga á hestamennsku innan og utan skólans. Þessi dagur er sannkölluð uppskeruhátíð og útskrift nemenda sem stunduðu nám í reiðmennsku og eru öllum hjartanlega velkomið að mæta að ári á sumardaginn fyrsta 2020.



Elva Lífis



Frá Húnakoti, IS070287.

**Foreldrar Óskar Gíslason frá Húnakoti í Bykkvabæ og Bryndís Malmo Bjarnadóttir frá Helgastöðum í Biskupstungum.**

**Skemmtilegustu tímarnir?** Verklegu tímarnir í líffæra- og lífeðlisfræði.

**Draumurinn að búa með?** Kindur, útigang, hunda, hænur, vinnusaman karl (í lopapeysu af því að amma segir það) og skítuga krakka.

**Hvað er eftirminnilegast eftir dvölinna á Hvanneyri?** Mánudagspartý. Eða voru það þriðjudagspartý? Miðvikudags? Ég man það ekki. (Ó)veðrið. Saltkjötstunnan. Kaffi. Harmonikkan.

Gullkorn Mörtu. Bjór. Lopapeysur. Hlátrasköll. Patti í partý. Húsgögn á víð og dreif. Hressleikinn á föstudagsmorgnum.

**Hver er besta dráttarvélin?** Stefanía. Hún er Valtra. Svo er allt sem er blátt falllegt og best, eins og gamli Fordson Dexta hans afa.

**Af hverju búfræði?** Nú til að finna mér jörð og mann! Það kaupir enginn bújörð bara svona eftir hádegi á þriðjudegi í dag og ég hef engan til að taka við af þannig að ég fór í búfræði til að kynnst fólki og læra eitthvað aðeins um það sem mig langar að verða þegar ég verð stór.

**Var þetta eins og þú bjóst við?** Nei langt því frá, námið jú að einhverju leiti en félagslífið og staðurinn voru langt frá því sem að ég hafði ímyndað mér. Hvaðan kemur allt þetta rok? Svo hélt ég að maður ætti ekki að fara einhleygur frá Hvanneyri...

Grímur



Frá Ketilvöllum í Bláskógabyggð, IS100897.  
**Foreldrar Guðný Grímsdóttir frá Ketilvöllum og Kristinn Gunnar Vilmundarson frá Eyrabakka.**

**Hvert fórstu í verknám og hvað er eftirminnilegast?** Ég tók hálf tannstáðabakka í Hrótafirði. Það sem mér þótti eftirminnilegast er trúlega þegar ég var settur í að búa til eldivið til húskyndingar fyrir næsta árið á bænum en þetta voru verk sem maður þekkti lítið hér á landi.

**Hvaða dráttarvél er best?** Massey Ferguson og ekkert annað.

**Hvaða bústofn myndirðu vilja búa með?** Kyr, kindur og hross.

**Hvar sérðu þig eftir til 10-15 ár?** Ég sé mig sem bónda á Ketilvöllum með nýtt fjós og búinn að mennta mig í einhverju fleiru en búfræði, ekki alveg ráðið hvað það mun vera.

**Hver er mesta skvísa bekkjarins?** Klárlega Birta Guðmundsdóttir.

**Hefur námið breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?** Já námið hefur svo sannarlega gert það. Það hefur opnað augun mín fyrir öðrum vinklum á landbúnaði og hvað bændur þurfa að vera opnir fyrir þeim breytingum og pressum sem koma úr ýmsum áttum þjóðfélagsins.

**Ef þú værir hestur hvernig hestur værir þú?** Líklega Pony hestur þar sem ég er svo lítill og lappastuttur.

**Hvað er það besta við Hvanneyri?** Félagslífið.





# NÝ HAUGGEYMSLA Á HVANNEYRI

EGILL GUNNARSSON,  
BÚSTJÓRI HVANNEYRARBÚSINS EHF.

Hvanneyrarbúið ehf. er einkahlutafélag í opinberri eigu Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Tilgangur þess er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu- og rannsóknarstarfs LbhÍ. Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn LbhÍ og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd. Síðan þessi stefna var mörkuð árið 2015 hefur orðið sú breyting á að starfsemi tengd jarðræktarrannsóknum á Korpu hefur færst nær alfarið á Hvanneyri og er það orðinn veigamikill hluti af starfi búsins að skipuleggja landnýtingu í þágu þeirrar starfsemi og þjónusta hana með ráðum og dáð.

Eins og eðlilegt er með skólabú, er það metnaður okkar sem stöndum að því að setja búrekstrinum háleit og metnaðarfull markmið, fylgja ítrustu viðmiðunum um góða búskaparhætti, vera til fyrirmyndar og í stakk búnir að leyfa öðrum bændum að leita í okkar viskubrunn ef menn kjósa svo.

## Þrá fyrir fullkomnun

Eins og allir sem koma að búrekstri vita þá er alltaf eitthvað sem má laga, bæta og gera öðruvísi en hefur verið venjan. Það er hverjum hollt og nauðsynlegt að stunda slíka naflaskoðun svo betri árangur náist. Búrekstur á Hvanneyri er síður en svo undantekning á því og það verður að segja eins og er að ein alvarleg brotalöm hefur verið að plaga búið, meira en aðrar. Þetta vandamál er því miður ekki bara bundið við þetta bú og er plagsiður hjá íslenskum nautgripabændum að láta þetta reka á reiðanum. Við erum að sjálfsgöðu að tala um meðferð og nýtingu búfjáraburðar. Á hefðbundnu kúabúi hlýtur mykjan að vera önnur verðmætasta afurðin á eftir sjálfri mjólkinni, svo það er ljóst að ekki má kasta til hendinni þegar kemur að nýtingu hennar.

Mjög lítil mykja er inni í Hvanneyrarfjósi á hverjum tíma, umfjöllun um skipulag mykjukerfis í fjósinu í smáatriðum má

bíða til betri tíma, en í stuttu máli sagt er mykjunni safnað saman í dagþró sem er grafin ofan í jörðu utan við fjós og þaðan er mykjunni dælt í hauggeymslu með rafmagnsdælu.

## Haugpokinn

Þegar fjósið var byggt árið 2004 var svokallaður „haugpoki“ settur upp utan við bygginguna. Þessi pokar voru á þeim tíma nýjung sem þótti áhugavert að prófa, hún hafði ýmsa kosti s.s. að pokinn hylur mykjuna vel og því engin losun á gastegundum og mjög takmarkað tap á áburðarefnum, pokinn fellur vel í landið og þenst aðeins út eftir magni mykju og það var lágur stofnkostnaður.

Þegar árin liðu varð smám saman ljóst að pokinn hafði ókosti og ýmis vandamál gerðu vart við sig. Afskaplega alvarlegur hönnunargalli var sá að hafa pokann hærra í landinu en fjósið og engan einstreymisloka á lögninni þarna á milli, aðeins einn handloki skildi að fjós og poka. Annan hvern dag þurfti að opna þennan loka og kveikja á haugdælunni, í tveimur tilfellum urðu mannleg mistök til þess að fjósið fylltist af úrgangi sem hlýtur að hafa verið martraðarkennd aðkoma. Undirritaður lenti nokkrum sinnum í því að vera lagstur til nætursvefns þegar þeirri hugsun skaut í hugann „...lokaði ég ekki örugglega lokanum“ og var ekki í rónni fyrr en hann hafði farið á náttfötunum út í bíl og keyrt fram hjá til að fullvissa sig um að svo væri. Nokkrir aðrir ókostir voru við pokann en sá alvarlegasti var fremur ófullkomin upphræring. Í miðju pokans var rafmagnsskrúfa sem átti að hræra upp í mykjunni til að gera hana einsleita og dreifingarhæfa. Það gefur auga leið að það er vandkvæðum bundið að þjónusta og fylgjast með hræru sem er í miðjum haugpoka á bólakafi og ekki nokkur leið að ná upp nema með stórvirkum kranabíl utan þess að tæma pokann algjörlega. Það er ekki ljóst hvenær það gerðist en þessi hræra brann yfir einn góðan veðurdag, löngu fyrir

okkar aðkomu. Það hefði líklega verið mögulegt að gera við hana strax en það var ekki gert og þar með var stórkostlegt vandamál í aðsigi. Áfram var keyrt áburði úr pokanum eins og ekkert hefði í skorist en smám saman var hlutfallslega meira fast efni eftir í pokanum, raunrúmmál pokans dróst saman og var í restina tæplega þriðjungur af heildarrúmmáli pokans. Það þurfti því að keyra úr pokanum út á tún á u.þ.b. tveggja mánaða fresti, óháð veðri og aðstæðum. Það gefur auga leið að það er mjög ófullnægjandi nýting á mykju að dreifa á tún í dvala að vetri og vond meðferð á jarðvegi, það var áreiti fyrir staðarbúa að vera með lyktina sífellt í nefinu og þetta var nánast bara vatn sem náðist úr pokanum og áburðargildið eftir því.

### Kröfur um nýtingu búfjáraburðar

Áhugasömum er bent á að lesa skýrslu sem gefin var út 2002 sem má finna á vef Umhverfisstofnunar og heitir „Starfsreglur um góða búskaparhætti“. Þar er fjallað ítarlega um hvaða atriði ætti að hafa í huga við hönnun og byggingu hauggeymslu sem og dreifingu búfjáraburðar. Skýrslan stenst vel tímans tönn. Í 6. gr. reglugerðar 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri er einnig kveðið á um að hauggeymslur gripahúsa skulu rúma að lágmarki 6 mánaða haug, undanþáguákvæði um minna geymslurými féll úr gildi 1. júlí 2015.

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um loftslagsmál er talsvert fjallað um aðkomu landbúnaðar. Til að mynda er aðgerð nr. 32 beint að notkun á tilbúnum áburði sem skal draga úr og aðgerð nr. 33 fjallar um bættu meðferð búfjáraburðar. Til þess að ná þessum markmiðum er ljóst að auðveldasta, hagkvæmasta, skilvirkasta og raunhæfasta leiðin er að haga innviðum (geymslum, búnaði, tæknilausnum) með þeim hætti að menn nýti hvert einasta kíló af búfjáraburði með sem bestum hætti. Eðlilegt hlýtur að vera að hið opinbera skoði að

taka þátt í slíkri uppbyggingu og hefur það þegar verið gert að nokkru leyti með fjárfestingastuðningi í búvörusamningum. Slíkir innviðir eru líka með öllu nauðsynlegir ef vinna á frekari afurðir úr mykjunni, t.d. metan.

### Bygging haugtanks

Á útmánuðum 2018 var ljóst að ekki var unað við ástandið lengur, tilraunir við að laga pokann og hræra upp í honum með ýmsum aðferðum höfðu með öllu mistekist. Eigendur búsinns lögðust á sveif með okkur og fjármögnuðu byggingu nýrrar hauggeymslu. Það má skjóta því að að búið leigir allar byggingar og jarðnæði af eigendum. Eftir að hafa farið yfir ýmsa kosti og leitað tilboða var ákveðið að byggja haugtank úr forsteyptum einingum. Þær voru keyptar frá Kaupfélagi Skagfirðinga og eru framleiddar í Danaveldi. Hver eining er 4 metra há, 2,3 metra breið og þurfti 37 einingar til að búa til tank sem er 28 metrar í þvermál, 615 fermetrar að grunnfleti og rúmar 2.300 rúmmetra af mykju en það fer langt með að rúma ársframleiðslu búsinns. Verktakar í nágrenninu sáu um jarðvinnu og gerð botnplötu en verktakar frá Sauðárkróki með sérþekkingu sáu um uppsetningu eininganna.

Áætlað var að kostnaður myndi hlaupa á 14-15 milljónum króna fyrir utan virðisaukaskatt. Ýmsir verkliðir stóðust þá áætlun eða voru undir henni en sumir fóru meira yfir en gott getur talist. Heildarkostnaður við framkvæmdir reyndist vera um 16,2 milljónir króna án vsk. Af eðlilegum orsökum er t.d. jarðvinna frekar dýr liður í byggingarframkvæmdum á Hvanneyri og ljóst að víða er hægt að byggja svona geymslu með hagkvæmari hætti. Hér er djúpur mýrarjarðvegur sem þarf að koma burt og þarf að keyra góðu aðkeyptu malarefni að um langa vegalengd. Öll vinna við tankinn var aðkeypt. Þrátt fyrir framúrkeyrslu er hér ekki um neina „braggaframkvæmd“ að ræða.

Til að tryggja góða upphræringu var keypt rafmagnsdrifin



Mynd 1. Haugtankur á Hvanneyri frá Perstrup í Danmörku.





Mynd 2. Séð ofan í tankinn, frá vinstri má fyrst telja áfyllingarrörið, svo tæmingarrör og næst myndavélinni er 18,5 kw haugskrúfa sem snýst um 1.500 snúninga á mínútu á fullum afköstum.

18,5 kW þrístrend skrúfa frá Landia í gegnum Jötunn Vélar. Hún er fest á mastur út við vegg og má því stilla hæð, stefnu og hraða til að ná skjóttum árangri í upphræringu. Við höfum áætlanir um að koma þaki ofan á tankinn og gæti það kostað varlega áætlað 3,5-4,5 milljónir. Með því á að hamla uppgufun gróðurhúsalofttegunda og tapi áburðarefna en einnig stjórnun við þá þurrrefnisinnihaldi mykjunnar og hindrum rúmmálsaukningu með rigningarvatni.

### Fyrsta reynsla

Fyrsta dæling frá fjósi yfir í tank fór fram um miðjan nóvember 2018. Ekki þarf lengur að handsetja neina dælu í gang eða opna loka. Í dagþrónni er flotrofi sem virkjar dæluna og lögnin milli fjóss og tanks liggur ekki um botninn heldur er hún lögð sem öfugur vatnslás yfir tankvegginn og því engin hætta á að mykjan renni inn í fjós aftur. Lögnin er svo lögð niður á botn tanksins svo að mykjan dælist ekki ofan á mykjuna sem fyrir er heldur undir hana, þannig er ætlast til þess að skán myndist ofan á mykjuna í tanknum því hún takmarkar uppgufun og við viljum ekki rjúfa hana í hvert sinn sem dælt er. Að sama skapi er ekki hrært í tanknum fyrr en fyrirséð er að eigi að keyra skarni á hól. Á lögninni er frostvörn, ef það frýs í lögninni niður á botn þá sprautast mykjan út um op sem stendur út í loftið þar sem lögnin liggur yfir vegginn. Í lok apríl var svo hrært í tanknum, hræran gerði það mjög vel á innan við



Mynd 3. Keyrt út á tún á kjörtíma í lok apríl og byrjun maí.



Mynd 4. Heimasmíðaður loftknúinn lokubúnaður. Búnaðurinn er virkjaður með fjarstýringu innan úr dráttarvél svo aldrei þurfi að stíga út. Þegar áfyllingu er lokið, lokast fyrir lokann út í tank en þá opnast fyrir loka ofan í þró sem tekur affalið úr trektinni.

sólarhring og það tók 5 daga að keyra út um 1500 rúmmetrum af einsleitri mykju.

Ef mykjusýni frá 2017 úr haugpokanum er borið við sýni úr haugtanknum má sjá að magn áburðarefna er talsvert meira í haugtanknum. Við höfum gert ráð fyrir lélegum áburði úr pokanum og keypt tilbúinn áburð í samræmi við það. Ábyrgðarlaust má skjóta á að auðvelt sé að hagræða þar um 500-700 þús krónur á ári í áburðarkaupum í framhaldinu.

## Góð fjárfesting

Tankurinn skilar sér ótvírætt í stórbætti nýtingu áburðarefna en líka í betri starfsaðstöðu, vinnu- og rekstrarhagræðingu. Hérlendis hefur helst tíðkast að byggja haugkjallara, oft ófullkomna og varla nógu rúmmálmikla. Þeir eru dýrir í byggingu því þeir kalla á mikinn gröft, jarðvegsskipti og þurfa mikinn burð enda eiga þeir að bera heilt fjós ofan á sér. Það

vill gleymast að þeim fylgja gallar sem hafa orðið til þess að sum ríki hafa takmarkað eða jafnvel bannað notkun opinna haugkjallara undir fjósum. Rakastig er talsvert hærra í slíkum fjósum, mikil mengun fylgir þegar verið er að hræra og hlutfall óæskilegra lofttegunda er hærra sem telst varhugavert í rýmum sem hýsa vélbúnað, skepnur og menn alla daga ársins. Það eru þó fleiri kostir í hauggeymslum og mögulega gætu afgirt dúklögð lón hentað víða hérlendis.

Fyrir alla þá sem eru í byggingahugleiðingum eða vilja ráðgjöf í bættri nýtingu búfjáráburðar er bent á skjóta, úrræðagóða og ódýra þjónustu Ráðgjafamiðstöðvar Landbúnaðarins (RML).

Að lokum má benda á að Hvanneyrabúið er með síðu á Facebook, þar má t.d. sjá myndir og myndskleið af tanknum og annarri starfsemi. Að sama skapi má nálgast allar fundargerðir og ársreikninga Hvanneyrabúsins ehf. inn á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands.



# Bændur standa saman

## Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Meginverkefni BÍ er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagsmenn ýmissa réttinda.

### Þinn ávinningur:


- BÍ vinna að þínum hagsmunum og eru málsvari stéttarinnar
- Allt að 30% afsláttur af forritum BÍ
- Réttur til að taka þátt í atkvæðagreiðslum og könnunum á vegum samtakanna
- Aðgangur að starfsmenntasjóði og velferðarsjóði
- Ráðgjöf um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- Bændaafláttur á Hótel Sögu og orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu

### Upplýsingar um félagsaðild

Sími **563-0300**  
Netfang [bondi@bondi.is](mailto:bondi@bondi.is)  
[www.bondi.is](http://www.bondi.is)

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** og í netfangið [bondi@bondi.is](mailto:bondi@bondi.is). Á [bondi.is](http://bondi.is) er hægt að skrá sig í samtökin.



Fylgstu með bændum á  Bændasamtök



## Guðjón Örn



**Frá Skollagróf í Hrunamannahreppi, IS220495.  
Foreldrar Sigurður Haukur Jónsson frá Skollagróf og  
Fjólá Helgadóttir frá Reykjavík.**

**Af hverju búfræði?** Vegna þess að námið kallaði til mín.

**Nú ert þú söngstjarna bekkjarins, sérðu fram á frama á því sviði eftir dvöl þína hér?** Já heldur betur, sólóplata á leiðinni í búðir landsins næsta haust.

**Hvað tekur við eftir nám?** Lífið og allar þær áskoranir sem að því fylgir.

**Eftirminnilegast úr verknáminu?** Það var þegar að hann Jóhann B. Magnússon tjáði mér það að hann teldi sig ekki vera mann sem ætti allt, en tími og peningar væru ekki vandamál fyrir honum.

**Nokkur orð til tilvonandi búfræðinga?** Fæst orð bera minnstu ábyrgð.

**Draumurinn að búa með?** Sællegar kýr og góð hross

**Hvað gerðir þú í lokaverkefni og af hverju?** Ég og Bjarki Már gerðum lokaverkefni saman, þar tókum við nokkur tryppi í geðslagsmat og fylgdumst með hvernig gekk að temja þau út frá geðslagi. Í stuttu máli vorum við að reyna að finna leið til þess að meta geðslag í hrossum áður en þau eru tamin.

**Ef þú værir nytjaplanta, hvaða planta væri það?** (og af hverju) Rýgresi, falleg og lystug eins og ég.

**Hvaða dráttarvél er best?** Dráttarvélin hans Jóns Bjarnasonar nágranna míns.

## Gumhildur



**Frá Stóru-Reykjum í Flóa, IS210895.  
Foreldrar Gísli Hauksson frá Stóru-Reykjum í Flóa og  
Jónína Einarsdóttir frá Miklholtshelli í Flóa.**

**Hvað er viðurnefnið þitt á Hvanneyri og hvernig fékkstu það?** Gunnsa löpp festist fljótt við mig eftir að ég slasaði mig í nýnemasprellinu fyrsta fimmtudaginn, endaði á hækjum og haltraði svo um allt næstu mánuðina.

**Hver er mesti foli bekkjarins?** Steini frá Ósi.

**Komstu á Hvanneyri til að finna maka?** Nei.

**Hefur námið á Hvanneyri breytt þér?** Já, það mætti alveg segja það.

**Hver er gullmoli bekkjarins?** Marta Stefánsdóttir er óslípaður demantur.

**Hvers muntu sakna á Hvanneyri?** Félagslífsins.

**Besta íslenska bíómyndin?** Stella í orlofi.

**Draumurinn að búa með?** Kýr, kannski nokkrar rolluskjástur og hund!

**Hefur þú hugsað þér að vinna við landbúnað í framtíðinni?** Það er draumurinn.

**Hvort er hófdýr, hreindýr eða svín?** Þetta er allt mestmegnis klaufdýr.

**Geta hænur flogið?** Heldur betur.



**Elía Berggrós**



**Frá Þykkvabæjarklaustri, IS140497. Foreldrar Kristbjörg Hilmarsdóttir frá Þykkvabæjarklaustri og Sigurður Arnar Sverrisson frá Akranesi.**

**Afhverju búfræði?** Áhugi á búskap og var búin að heyra af góðu félagslífi

**Komstu í skólann til að finna mann með eða án jarðar?** Með!

**Hvað tekur við eftir nám?** Vinna og eitthvað skemtilegt.

**Hvort er klaufdýr, kind eða kú?** Kú!

**Gullmoli bekkjarnins?** Get ekki valið milli Mörtu og Birtu svo ég verð að segja báðar.

**Hvernig hefur þér líkað námið á Hvanneyri?** Ágætlega bara.

**Draumurinn að búa með?** Kýr, hesta, nokkrar kindur, örfáar geitur og svo auðvitað hund og kött.

**Hvert fórstu í verknám?** Lyø í Danmörku og Stóra-Dunhaga í Hörgárdal.

**Nokkur orð til tilvonandi búfræðinga?** Það eru engin vandamál, bara lausnir.

**Elín Sara**



**Frá Njarðvík, IS080395.**

**Foreldrar Óli Jóhann Færseth frá Keflavík og Jóhanna Margrét Karlsdóttir frá Njarðvík.**

**Komstu í skólann til að finna mann með eða án jarðar?** Planið var nú að finna mann án jarðar svo ég gæti farið í Fljótin, en sé það ekki fara gerast.

**Draumur að búa með?** Draumurinn var nú að búa með kúabónda en fór mannavillt og fann mér sauðfjárbónda, sem ýtti mér enn meira í kettina.

**Af hverju valdir þú búfræðinámið?** Ég kom því áhuginn á búskap var gríðarlega mikill.

**Hvaða bústofn myndirðu vilja búa með?** Ég myndi vilja hafa kýr, hesta og nokkrar geitur, sauðféð má svo sem vera á meðan maðurinn hugsar um það.

**Heldur þú að það geti borgað sig að opna kattarbúgarð á Íslandi?** Já heldur betur, þarf alltaf að líta á björtu hliðarnar á öllu, ef þú vilt að það gangi, þá lætur þú það ganga. Kattarbúið gæti verið opið fyrir túrista, þeir hljóta hafa gaman að borga sig inn á það eins og allt annað. Margt vitlausara en kattarbúgarður skal ég ykkur að segja.

**Hvernig hefur þér líkað námið á Hvanneyri?** Mjög vel, margt og mikið sem mætti laga. En í þessu námi lærði ég m.a. hvernig á að drekka alla daga.





# NEMENDAFÉLAG LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

SUNNA ÞÓRARINSDÓTTIR, KELDUDAL, FYRRUM FORMAÐUR OG  
ALEXANDRA RUT JÓNSDÓTTIR, SKERÐINGSSTÖÐUM, FYRRUM GJALDKERI

Nemendafélag Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er mjög virkt og hafa viðburðir þess dregið fólk að víðsvegar af landinu. Það verður sko enginn svikinn af því að skella sér á skrallið á Hvanneyri. Stærstu viðburðir félagsins eru hátíðleg árshátíð og hin víðfræða spurningakeppni Viskukýrin auk nýnema fagnaðar, leðjubolta, hrekkjavökuballs og bjórbolta svo fátt eitt sé nefnt. Það þarf þó ekki viðburði til þess að nemendur

komi saman þar sem Kollubar er alltaf opin á fimmtudögum og hafa nemendur verið duglegir að nýta sér það. Bæði félags- og skólalíf er til fyrirmyndar en alltaf má gott bæta og margt sem byrjað er að skipuleggja fyrir komandi námsár, það eru spennandi tímar fram undan á komandi skólaári. Við hvetjum alla til að kynna sér nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og verða hluti af þessu einstaka samfélagi.



## Upp á toppinn með ostinn

### MOZZARELLA



Íslenski Mozzarella osturinn er framleiddur úr kúamjólk og hefur

verið leitast við að ná hinum sönnu ítölsku bragðgæðum. Mozzarella er ferskur ostur geymdur í saltlegi og er ýmist notaður eins og hann kemur fyrir eða í matargerð, t.d. á pizzur.



### SVEITABITI

Skagfirskur Sveitabiti er einstaklega mjúkur ostur og mun mykri en sambærilegir fastir brauðostar sem eru á markaðnum í dag.

### GOTTI

Gotti er mjög bragðmildur og mjúkur ostur en auðskeranlegur. Osturinn er góður fyrir börn og býkir þeim hann mesta lostæti. Þessi ostur hentar afar vel á grill og í heita rétti því hann bráðnar vel og fallega.



### RIFOSTUR



Ostablanda, sérstaklega ætluð fyrir pizzur. Milt bragð, góðir bræðslueiginleikar og teygjanleiki eins og fagmenn kjósa helst. Pízzaostur er blanda af Mozzarella og Maribó osti.

  
Mjólkursamlag

Helga



**Frá Selfossi, IS280697**  
**Foreldrar Matthildur Ómarsdóttir**  
**frá Grund í Flóahreppi og Leifur**  
**Halldórsson frá Ögri í Ísafjarðardjúpi.**

**Eftirminnilegasta atvikið?** Leðjuboltinn er alltaf jafn skemmtilegur og eftirminnilegur.

**Hefur námið á Hvanneyri breytt viðhorfi þínu til landbúnaðar?** Já algjörlega.

**Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur Hvanneyrings?** Fullur ísskápur af bjór, góður hátalari og harmonikkuleikari (Steinþór).

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Hver hugsar svona langt fram í tímann?

**Komstu í leit að maka með eða án jarðar?** Að sjálfsögðu með jörð og því markmiði var náð.

**Ef þú værir kýr hvernig kýr værir þú?** Ég væri íslensk hámjólka kýr með góða júgurgerð og endingargóð.

**Hvernig hefur þér líkað námið á Hvanneyri?** Æðislegt nám og mæli 100% með því

**Hvað gerðir þú í lokaverkefni og af hverju?** Lokaverkefnið fjallaði um íslenska geitaliti, ég valdi það því mér fannst það áhugavert og skemmtilegt.

Ingví



**Frá Hríshóli, IS150897.**  
**Foreldrar Guðmundur Óskarsson frá**  
**Ólafsfirði og Helga Berglind Hreinsdóttir**  
**frá Hríshóli**

**Af hverju búfræði?** Spennandi nám sem leggur góðan grunn að búskap.

**Ef þú værir kind, hvernig kind værir þú?** Vel gul hyrnd kind.

**Var námið eins og þú bjóst við?** Já það má segja það.

**Eftirminnilegasta atvikið?** Fyrsti fimmtudagurinn...

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Reikna má með því að ég verði bóndi með 120 kýr, 300 kindur og dass af hundum.

**Hver er mesta skvísa bekkjarins?** Klárlega Díska Skvísa.

**Af hverju hundatamningar?** Eignaðist óvart góðan hund þegar ég var 13 ára og hef ekki getað verið hundlaus síðan ég fattaði hvað það munar miklu að eiga góða hunda.

**Hver er mesti afdalabóndi bekkjarins?** Elíza því hún á sér þann draum að búa í afdal yst í Arnarfirði, það segir allt sem segja þarf...

**Draumurinn að búa með?** Kýr, kindur, hross og hunda.





# BÆNDUR Á HEYDALSÁ

RAGNAR KRISTINN BRAGASON, BÓNDI TEKINN TALI

## Hvernig er ykkar upplifun á verknáminu?

Okkar upplifun á verknáminu er mjög jákvæð, það er gaman að fá til okkar ungt og duglegt fólk með brennandi áhuga á búskap.

## Hvers vegna ákváðuð þið að vilja taka á móti verknámsnemum?

Við vorum beðin um það árið 2011 að gerast verknámsbú og höfum ekki séð eftir því, að vera með verknema léttir verulega undir með okkur á mesta álagstímanum sem er sauðburðurinn.

## Mynduð þið vilja hafa verknámið eitthvað öðruvísi?

Það er ljómandi gott eins og það er núna en hugsanlega væri gott að hafa þann möguleika á sauðfjárþúum að taka nokkra daga í verknáminu á haustin við fjárrag og lambaskoðanir.

## Finnst ykkur verknámið vera á réttum stað á námsferlinum?

Já það er á ákjósanlegum stað á námsferlinum.

## Ert þú að upplifa það svipað að fá verknema og þegar þú varst í verknámi?

Já upplifunin er svipuð.

## Finnst þér námið vera svipað og þegar þú varst í því?

Námið er svipað og þegar ég var á Hvanneyri, en þó hefur einhver þróun orðið í náminu í takt við breytta tíma og framfarir í landbúnaðinum. Það er skemmtilegt við verknámið að miðlun faglegrar þekkingar, aðferða og vinnubragða getur virkað á báða vegu þannig að við höfum líka getað lært eitthvað nýtt í sambandi við búskapinn hjá okkar verknemum og náð þannig betur að fylgjast með þróun, nýjungum og framförum varðandi búskapinn.





# “Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi”

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sinnir víðtækri landbúnaðarráðgjöf um allt land. Við gætum haft spennandi framtíðarstarf fyrir ný útskrifaða nemendur Lbhi.

Ráðgjöf okkar er sniðin að þörfum landbúnaðarins hverju sinni Kynntu þér málið á [rml.is](http://rml.is) og pantaðu tíma hjá ráðgjafa.





# HRÚTAVINAFÉLAGIÐ HREÐJAR

ALEXANDRA RUT JÓNSDÓTTIR,  
SKERÐINGSSTÖÐUM, FJÁRHIRÐIR HREÐJARS

Hrútavinafélagið Hreðjar var stofnað haustið 2003 af nokkrum sauðfjárunnendum sem voru í námi að Hvanneyri þann vetur. Í gegnum árin hafa markmið félagsins verið að auka áhuga og þekkingu fólks á sauðfé.

Haustið byrjaði á hrútaþukli að Hesti, þar sem bæði reyndir og minna reyndir upprennandi bændur þukluðu nokkra hrúta og reyndu að raða þeim í sömu röð og ráðanautarnir. Síðan var komið að stærsta viðburði félagsins, hinu árlega Hrutáuppböði sem ávallt fer fram á föstudeginum fyrir árshátíð Nlbhí. Þar er hægt að kaupa sér hlut í hrútnum Hreðjari sem veitir rétt til að mæta í grillveislu sem haldin er um vorið. Að venju var vel sótt á viðburðinn og góð stemning myndaðist í kringum hann. Rétt fyrir prófatíð var síðan farið í Hreðjarsferð þar sem

heimsóttir voru bæirnir Bakkakot í Stafholtstungum og Hrísar í Flókadal. Langar okkur að þakka þeim bændum sem tóku á móti okkur kærlega fyrir frábærar móttökur. Síðasti viðburður Hrútavinafélagsins var síðan hið árlega Hreðjarsgrill sem fór fram síðasta vetrardag, þar gátu þeir sem keyptu sér hlut í hrútnum Hreðjari mætt saman og borðað dýrindis lambakjöt og haft gaman.

Vel var mætt á alla viðburði Hreðjars í vetur og viljum við þakka þeim sem mættu kærlega fyrir komuna og tókum við glöð á móti nýjum lömbum næsta haust.



Armurinn vinnur hratt og er skilvirkur. Einungis þarf 24 cm frá gólfi uppí spenaodd sem gerir arminn sérlega hentugan fyrir íslenskar kýr. Armurinn er rafdrifinn, hljóðlátur og auðveldur í viðhaldi.

Hafið samband við sölumann



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbók



Ármað



Frá Neðri-Torfustöðum í Miðfirði,  
IS070291.

Foreldrar Pétur Sigurvaldason frá  
Litlu-Ásgeirsá í Víðidal og Bjarney Alda  
Benediktsdóttir frá Neðri-Torfustöðum.

**Afhverju búfræði?** Undirbúningur fyrir búskap.  
**Hvert er eftirminnalegasta atvikið á veru þinni á Hvanneyri?** Þegar Guðjón Örn kemur í skólann á haustin ásamt tónlistarmyndbandinu hans

**Hver er draumurinn að búa með?** Sveindísi minni.

**Hvert fórstu í verknám?** Bryðjuholt í Hrunamannahreppi.

**Nokkur orð til tilvonandi búfræðinga?** Á morgun vildir þú að þú hefðir byrjað í gær.

**Hvaða dráttarvél er best?** Sú skuldlausa.

**Besta íslenska bíómyndin?** Algjör Sveppi og leitin að Villa.

**Gullmoli bekkjarins?** Marta Stefánsdóttir, ekki djók.

**Hver er mesta kyntröll bekkjarins?** Steinþór Logi, sérstaklega þegar hann er í spariskónum.

**Lýstu fimmtudögum í þremur orðum?** Hemmi með rónapokann.

Gabriela María



Frá Höfuðborgarsvæðinu, IS070293.

Foreldrar Regin Grímsson og Ellen  
Björnsdóttir.

**Af hverju búfræði?** Ég vildi öðlast meiri þekkingu og færni í því fagi sem ég hef drífandi metnað og áhuga fyrir þ.e. landbúnaði og því sem honum fylgir.

**Var þetta eins og þú bjóst við?** Já, algjörlega, jafnvel skemmtilegra. Þar sem ég fór öðruvísi leið að þessu en margur annar þá kynntist ég og varð hluti af tveimur bekkjum sem eru algjör forréttindi.

**Hvert er eftirminnalegasta atvikið við veru þína á Hvanneyri?** Þegar samansafn af allskonar fólki ákváðu að troða tré í gegnum aftursæti bíls og í framhaldi af því troða lítilli kerru upp stigaganginn á nemendagörðunum. Ekki er öll vitleysan eins hér á Hvanneyri...

**Ef þú værir kýr hvernig kýr værir þú?** Brown-Swiss þar sem þær eru með einstaklega gott skap og meðfærilegar í meðhöndlun.

**Hvað tekur við eftir nám?** Vinna í skemmtilegustu búgreininni, hlutlaus mat.

**Draumurinn að búa með?** Nautgripum, nokkrum skjátum, hrossum og dass af kaninum.





# BAULA

## KÚAVINAFÉLAGIÐ BAULA

GUNNHILDUR GÍSLADÓTTIR,  
STÓRU-REYKJUM OG FORMÆÐUR BAULU

Kúavinafélagið Baula var stofnað 24. nóvember 2015 af galvöskum nemendum Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmið félagsins er að efla og auka áhuga á íslenskri nautgriparækt, koma af stað umræðu um framtíðarsýn og möguleika greinarinnar ásamt því að efla félagslíf með ýmsum viðburðum sem félagið stendur fyrir.

Félagið hefur nú starfað í 4 ár og fannst okkur löngu kominn tími á að það hefði sitt eigið lógó, enda stórmerkilegt félag. Það var því okkar fyrsta verk sem ný stjórn að hanna eitt slíkt og var það Guðmundur Bjarnason frá Túni sem töfraði þetta stórfína lógó sem félagið hefur núna fram úr erminni.

Þann 18. september var fyrsti viðburður ársins haldinn, hið víðfræga dellubingó sem er orðinn ómissandi viðburður í félagslífinu á Hvanneyri. Það er að sjálfsgöðu haldið í Hvanneyrarfjósinu og fer það þannig fram að fólki býðst að kaupa þann fjósbita sem það heldur að kýrnar muni skíta mest á og sá hefur sigur úr bitum sem fær flestar dellur á sinn bita.

Þegar leið á árið var komið að öðrum viðburði félagsins sem haldinn var 22. nóvember en það er þrautabrautin. Þar vinnur fólk saman í pörum og reyndi það mikið á samhæfingu þar sem pörin voru fest saman og annar aðilinn þurfti að bakka í gegn um brautina. Mikill hugur var í mönnum og keppnisskapið lét ljós sitt skína hjá mörgum en glensíð var ekki langt undan.

Eftir áramót hélt gleðin áfram þegar förlinn var heitið að Hvítanesi í Hvalfjarðarsveit, þar sem Jón Þór Marinósson tók á móti okkur og sýndi

okkur glæsilegt nautaupveldi sem þar er. Þegar við vorum búin að skoða þar lá leiðin til Magnúsar Hannessonar að Eystri-Leirárgörðum í Leirársveit, en þar var að sjá stórfínt fjós með Lely mjaltarþjóni. Þökkum við þeim báðum fyrir frábærar móttökur.

Þann 25. mars var svo aðalfundur félagsins haldinn þar sem farið var yfir stöðu mála og kosið var í nýja stjórn. En áður en við gáfum nýrri stjórn taumana héldum við fyrstu fatasölu félagsins, sem mun vonandi verða fastur liður í starfi félagsins. Það var tekið alveg ótrúlega vel í þessa sölu þar sem seldir voru fjósagallar og vinnubuxur merkt kúavinafélaginu Baulu.

Vil ég enda á að þakka öllum þeim sem hjálpuðu til eða komu að starfi Baulu á einn eða annan hátt á síðastliðnu ári kærlega fyrir.

### Kálfamúslí

- *Frábært kálfamúslí, framleitt af belgíska fódurfyrstækinu Dumoulin, sem hefur verið starfrækt síðan 1937*
- *Kálfamúslí örvar þroska vambarinnar og vambatotanna og eykur þar með líkur á aukinni upptöku næringarefna*
- *Eykur líkur á meiri vexti og þar með aukinni mjólkurframleiðslu eða kjöfframleiðslu*
- *Inniheldur góða blöndu af kolvetnum og meltanlegum próteínum*
- *Inniheldur öll nauðsynleg steinefni og vítamín sem kálfurinn þarfnast til vaxtar og til að viðhalda heilbrigðu ónæmiskerfi*
- *Jafnar sýrustig í vömb*

**Inniheldur 21% prótín**



Egilsholti 1  
310 Borgarnesi  
Verslun opin 8-18 virka daga  
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

**Sendum um land allt!**

Kristín Lilja



Frá Hólmavík, IS100398  
Foreldrar Sverrir Guðbrandsson frá  
Bassastöðum, Steingrímsfirði og  
Salbjörg Engilbertsdóttir frá Tyrðilmýri,  
Snæfjallaströnd.

**Af hverju valdir þú búfræði?** Pura áhugi á dýrum. Áhugasviðið víkkaði svo þegar ég byrjaði í náminu.

**Hefur námið á Hvanneyri breytt þér?** Já alveg helling. Ekki annað hægt þegar maður fer í svona nám!

**Skemmtilegati tíminn í skólanum?** Ullariðn og búsmíði.

**Komstu á Hvanneyri í leit að maka með eða án jarðar?** Kom eiginlega á Hvanneyri í leit að námi hahah...

**Hvað eru margar fjaðrir í járnuðum hesti?** Ég veit ekki með ykkur en þeir hestar sem ég hef séð eru nú bara ekki með neinar fjaðrir.

**Hvaða dráttarvél er best?** Jú, Zetor auðvitað!

**Gullmoli bekkjarins?** Birta og Marta saman... ekki hægt að gera uppá milli hahah!

**Besta íslenska bíómyndin?** Með allt á hreinu.

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Veistu... ég hef bara ekki hugmynd.

**Nokkur orð til tilvonandi búfræðinga?** Þynnka er bara hugarástand!

Marta



Frá Kópavogi, IS 170398.  
Foreldrar Stefán Kristjánsson frá Kópavogi og  
Palma Rasmussen frá Færeyjum.

**Af hverju valdir þú búfræði?** Til þess að læra meira um búskap, eignast nýja vini og drekka bjór.

**Var þetta eins og þú bjóst við?** Já bestu 2 ár lífs míns.

**Hver er mesta kyntröll bekkjarins?** Hermann Sæmundsson (K.Í.M.)

**Hvernig kýr værir þú?** Holstein kýr.

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Vonandi starfandi í búskap og með nokkra krakka.

**Komstu að leita að manni með eða án jarðar?** Með....

**Hvaða dráttarvél er best?** Valtra

**Hvað gerðir þú í lokaverkefni og af hverju?** Gerði samanburð á vaxtarhraða kálfa sem klæddust kálfaábreiðum og kálfum sem voru ekki í kálfaábreiðu.

**Hvernig hefur þér líkað námið á Hvanneyri?** Mjög skemmtilegt á allan hátt.

**Hver er mesti þverhausinn í bekknum?** Kristín Lilja Sverrisdóttir.





# INGVI BÚFRÆÐINGUR OG HUNDAÞJÁLFARI

ELÍN SARA FÆRSETH, BÚFRÆÐINGUR SKRIFAR

Smalahundar eru til á flestum bæjum landsins og eru þeir mikið notaðir í leitir ár hvert. Vinsælustu smalahundarnir eru Border Collie en einnig eru sumir með íslenskan fjárhund. Þetta eru svipaðar tegundir en samt þó einhver munur á milli þeirra þar sem margir velja Border Collie fram yfir Íslending. Border Collie eru mjög gáfaðir hundar og jafnvel taldir vera þeir gáfuðustu. Þeir eru auðveldir í þjálfun eins og íslenski fjárhundurinn en eins og með alla aðra hunda þá þarf að aga þá og kenna þeim svo þeir geri mann ekki gráhærðan. Þeir hafa góða vöðvabyggingu til að geta hlaupið hratt auk þess sem þeir eru mjög einbeittir hundar. Border Collie stara á dýrin þegar þeir einbeita sér og hræðir það dýrin. Annar munur á þessum tegundum er að Íslendingurinn lætur meira í sér heyra en hinn.

## Hvernig er best að byrja að þjálfva hund og hvað er það fyrsta sem þarf að kenna þeim?

Grundvallaratriði í þjálfun hunda er að aga þá almennt. Gott er að byrja á því að aga hundinn með því að láta hann setjast og bíða eftir að honum sé boðið að éta, þeir þroskast við það að þurfa að hlíða. Einnig er mjög mikilvægt að kenna hundinum

þegar hann er ungur að koma og að leggjast.

## Hver eru næstu skref á eftir grunnþjálfun?

Þegar hundurinn er kominn með nægan áhuga á kindum og farinn að hlaupa hraðar en kindurnar er passlegt að fara að temja hann í fé. Best er að vera í litlu hólfi með 2-3 kindur til að byrja með svo auðveldara sé að hafa stjórn á aðstæðum. Til að byrja með er bara verið að vinna með og laða fram náttúrulega eðlið í hundinum. Ég ætla kannski ekki að fara mikið í kennslu við tamningar en það er til eitthvað af góðu efni eins og til dæmis bókin „Border Collie fjárhundar - leiðavísir um þjálfun og uppeldi“, sem Elísabet Gunnarsdóttir skrifaði.

## Hvernig færðu hund til að læra að STOPPA?

Hér komum við inn á ástæðuna fyrir því að það sé gott að kenna hundi að leggjast áður en farið er með hann í fé því stoppið kemur í gegnum það að hundurinn geti lagst hvar og hvenær sem er. Gott er að hafa langt snæri eða band í hundinum meðan verið er að temja í fé í fyrstu skiptin til að hægt sé að fylgja því eftir að hundurinn leggist þegar honum er sagt að gera það.



## Geturðu tamið hund á fé sem hefur verið vanið við hund?

Það er langbest að temja ungan hund á kindum sem gefa eftir. Það er erfiðara að temja hund á óvönum kindum og tekur lengri tíma þar sem þær streitast á móti og reyna að lemja hundinn.

## Hvað ertu að byrja snemma með þá?

Misjafnt en það getur verið á milli 7-10 mánaða, það fer allt eftir því hvenær þeir eru tilbúnir.

## Getur þú verið með einn hund eða er betra hafa fleiri með á bænum þegar verið er að byrja að þjálf hundinn?

Gott er að þjálf hundinn einan í litlu hólfi en þegar farið er í stærra hólfi getur verið gott að hafa annan taminn hund með til að passa upp á að rollurnar hlaupi ekki eitthvað út í loftið.

## Hvort er betra að kenna þeim á íslensku eða dönsku?

Það er mjög gott að kenna á báðum tungumálum. S.s ef þú átt tvo hunda að kenna þeim á sitthvoru tungumálinu, það hjálpar til í göngum þá geturðu stjórnað báðum á sitthvorum staðnum.

## Hvað ertu með þá lengi í þjálfun?

Þar til þeir eru orðnir nógu mikið tamdir enn þeir læra eins lengi og þeir lifa.

## Hvenær ferðu með þá í göngur fyrst?

Alls ekki fyrr en þeir eru tilbúnir.

## Ef hundur sýnir áhuga á hrossum, þarf hann blý eða er hægt að temja það úr honum?

Það er ekkert mál að temja það úr honum, eðlilega hafa smalahundar áhuga á flest öllum skepnum. Svo það snýst mikið um uppeldið á hundinum hvernig hann hagar sér við t.d. hesta.

## Hvort er betra að vera með Border Collie eða íslenskan fjárhund?

Íslendingurinn er betri í að reka á eftir kindum þar sem þeir gelta meira og henta þeir vel til að reka út úr klettum og þess háttar. Border Collie vinnur allt öðruvísi, hann nýttist best í að sækja fé og þessháttar.



Kjarnfóðrið frá Landstólpa er gert eftir uppskriftum færustu manna í heiminum á sviði jörturdýrafóðrunar, fóðrið er lagað sérstaklega að íslenskum aðstæðum. Landstólpi leggur mikið upp úr faglegri ráðgjöf þegar kemur að vali á fóðri, gerð fóðuráætlanu og almennri bústjórn. Árangur þinn er árangur okkar og því eru afurðahæstu bú landsins í viðskiptum við Landstólpa.

### SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

- **Lystugt**
- **fjölmargir próteingjafir**
- **5 mm kögglastærð**
- **Gott jafnvægi stein- og snefilefna**



### GÆÐAVARA Á GÓÐU VERDI



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbók





Mynd: Jón Trausti Markússon

# ÁVEITUR OG MINJAR UM ÞÆR

BJARNI GUÐMUNDSSON, FYRRUM PRÓFESSOR VIÐ LBHÍ

Sumarið 2018 varð mörgum norskum bændum svo sprettulítið sakir hita og þurrka að íslenskir starfsbræður þeirra (og -systur) hlupu undir bagga og útveguðu þeim hey. Síðastliðið vor (2019) gengu svo miklir þurrkar hérlendis, einkum um sunnan- og vestanvert landið, er bæði töfðu og takmörkuðu sprettu. Vatnið er ein mikilvægasta forsendan fyrir vexti og viðgangi gróðurs og því síst að undra að menn tækju snemma að miðla því og greiða því leið að nytjagróðri sínum – til dæmis með áveitum. Áveitutæknina má raunar rekja allt aftur til upphafs landbúnaðar (e. agriculture) í Miðausturlöndum fyrir þúsundum ára. Nú er áætlað að allt að 20% af öllu ræktunarlandi heims njóti áveitu með einum eða öðrum hætti. Fæðuöflun jarðarbúa byggist því að vænum hluta á þessari ræktunartækni.<sup>1</sup>

## Íslenskar áveitur fyrr á árum

„Maður á og að gera stíflur í engi því er hann á í annars landi, ef hann vill, og grafa engi sitt til, og veita svo vatn á engið. Hann skal á sínu engi upp hefja veituna, enda skal þaðan falla vatn í hinn forna farveg. Eigi skal hann annarra manna lönd meiða í veitunni...“ segir í elstu lögum landsins.<sup>2</sup>

Sennilega er áveita ræktunaráttur við fóðuröflun sem íslenskir bændur beittu allt frá Þjóðveldisöld og fram undir miðbik tuttugustu aldar – í meira eða minna mæli og með afar mismunandi hætti allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Lítið undrunarefni er það svo sem því fáir vaxtarþættir eru öllum tún- og engjagróðri áhrifameiri eða einfaldari til beitingar en vatnið. Í áveituléiðbeiningum frá ofanverðri 18. öld sagði m.a.:

„Að vatnstokkurinn hleðst af nýju mýrartorfi ofaná gras-sverðinum, sem aldrei má upp-stíngast, þar hann

á að vera botninn í farvegnum, hvar vatnið rennur á, og þannig hafa forfeður vorir gjört þá, sem sjá má enn í dag á mörgum túnnum“.<sup>3</sup> [lbr. hér]

Sr. Jón Steingrímsson segir frá áveitu sinni úr Þverá við Frostastaði í Skagafirði á árunum 1754-1756; kveðst hafa gert 500 faðma langan „rennslustokk“ „... og veitti svo vatni yfir allt túnið.“ Og athyglisvert er framhald frásagnar hans: „Voru þar fyrir þess háttar stokkar, er ég uppgróf og endurbætti.“<sup>4</sup> Kominn austur að Kirkjubæjarklaustri mun sr. Jón hafa lagt í sambærilega ræktunarbót. Nokkru síðar á öldinni réði sr. Björn í Sauðlauksdal yngismanninum Atla einnig til að koma upp áveitu, og vísaði þar til ráðlegginga Brauners baróns í bók hans um akra og engi.<sup>5</sup>

Í byrjun tuttugustu aldar sagði búfræðingurinn Jakob H. Línal að gras „...verði aðallega ræktað á tvennan hátt. Með áburði og helzt umrótun jarðvegsins einstöku sinnum, án nokkurrar sérstakrar áveitu, eða með vatnsveitingum, annaðhvort einum saman eða nokkuru af áburði jafnhliða...“<sup>6</sup> Var enda svo að vænn hluti ritaðra ræktunarleiddbeininga frá árdögum þeirra snerist um áveitur eða vék að þeim með einum eða öðrum hætti. Þorvaldur Thoroddsen dró saman sæg ritheimilda um „áveitur og framskurð“ og birti í Íslandslýsingu sinni. Gefa þær gott yfirlit sem eindregið er vísað til.<sup>7</sup> Ýmsar minjar hafa varðveist um áveitur fyrri tíðar og mannvirki vegna þeirra; Birna Lárusdóttir hefur gert grein fyrir athyglisverðum dæmum um þær sem og aðrar vatnsveitingar.<sup>8</sup>

3 Jón Sveinsson: „Um Valla-rækt á Norðurlandi“. *Rit Lærdómslistafélagsins* (1780), 181.

4 Jón Steingrímsson: *Ævisaga*. Helgafell (1945), 98-99.

5 Björn Halldórsson: Atli (ljóspr. 1948). *Búnaðarfélag Íslands*, 82.

6 Jakob H. Línal: „Um vatnsveitingar“. *Ársrit Rækt.f. Norðurlands* (1909), 21.

7 Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands III. Hið ísl. bókmrntafélag* (1919), 152-160.

8 Birna Lárusdóttir: *Mannvist*. Bókaútgáfan Opna (2011), 182-193.

1 *Greinin er að hluta kaflí úr væntanlegri bók BG um íslenska ræktunaráttir.* bjarnig@lbhi.is.

2 *Grágás* (1992). Mál og menning 321.



Veituskurður á Söndum í Dýrafirði. Vatnið var sótt í Brekkudalsá og leitt heim þar sem því virðist hafa verið veitt yfir túnið. Framkvæmdin er álitin vera frá því um 1880.

Í Landshagsskýrslum fyrir Ísland voru m.a. tíundaðar jarðabætur landsmanna með tölum þar um; árið 1912 segir m.a.: „... Af töludálkunum sýnist mega ráða, að hugsjónin um vatnsveitingar á engi, hafi vaknað næst á eftir tónagörðunum, og að meira hafi verið gert að vatnsveitingum milli 1881-90 en nokkrum öðrum jarðabótum...“<sup>9</sup> Fyrir þeim fór líka mikið á fyrstu árum tuttugustu aldar.

Árið 1919 birti Sigurður Sigurðsson ráðunautur glögga grein um vatnsveitingar í *Búnaðarriti* þar sem hann m.a. taldi upp helstu áveitur sem þá voru í notkun á landinu. Er yfirlitsgrein Sigurðar afar merk heimild um ræktunarháttinn en í henni kemur fram að áveitur voru í flestum sveitum landsins og í sumum sveitanna á hverjum bæ. Athyglisverð eru ummæli Sigurðar ráðunauts eftir fimbulveturinn 1918:

Aldrei hafa menn þóttst verða þess jafn átakanlega varir og í sumar er leið, hve mikla þýðingu það hefir, að hafa ráð á vatni til áveitu. Flest þau áveitu-engi – og flæði-engi, sem höfðu *nægilegt vatn* í alt fyrravor, spruttu sæmilega. En best spruttu þó þær engjar, er lágu undir vatni og ís allan veturinn, og nutu vatnsins fram eftir vorinu meðan kaldast var, eða þar til fór að hlýna í veðri.

Þessi reynsla frá næstliðnu sumri, bendir því ótvírætt á það, að áveitur sju mjög gagnsamlegar . . . Fyrir því er nauðsynlegt að leggja stund á þessa jarðabót, þar sem því verður komið við.<sup>10</sup>

## Spurt um áveitur vorið 2019

Í apríl-mánuði síðastliðnum, rétttri öld eftir að áðurnefnd grein Sigurðar ráðunauts birtist, var gerð fyrirspurn um áveitur og áveituminjar í *Bændablaðinu*. Ekki þurfti lengi að bíða viðbragða. Til þessa hafa um fjórir tugir heimildarmanna úr velflestum sýslum landsins haft samband. Sumir símleiðis, aðrir hafa sent ábendingar, frásagnir og ljósmyndir með rafrænum hætti, jafnvel heilar ritgerðir.

Að áveitur hefðu verið útbreiddur ræktunarháttur staðfestu viðbrögð heimildarmanna. Með vilja var athygli að þessu sinni ekki beint að samveitunum stóru og þekktu, sem umtalaðar voru á fyrri hluta tuttugustu aldar, svo sem Flóaáveitu, Skeiðaáveitu, áveitu Þingbúa í Húnaþingi og á Staðarbyggðarmýrum í Eyjafirði. Heimildarmenn sögðu því ekki síst frá ýmsum minni veitum, bæði *straumveitum* en þó einkum *uppistöðuveitum*, að því er virtist, áveitum sem gerðar höfðu verið á einstökum jörðum þar sem skilyrði reyndust hentug, áveitum sem sumar hverjar nærðu ekki nema örfáar dagsláttur heyskaparlands.

Í ljósi áhrifa vatnsins á grassprettu er síst að undra að fyrri kynslóðir legðu nokkuð á sig til þess að „taka upp“ vatn til áveizlu á slægjulönd jafnvel þó í smáum mæli væru. En áveituminjarnar sumar eru það ríkulegar að umfangi að víst er að gríðarleg vinna hefur farið í að koma veitumannvirkjunum upp með hleðslu flóðgarða og skurðagreftri.

Sem betur fer eru margar áveituminjar komnar á *fornminjaskrár* er orðið hafa til á síðari árum. Ný tækni við fjarkönnun, m.a. gervitunglamyndir og ljósmyndun úr flygildum/drónum, hefur opnað nýja og afar skemmtilega

<sup>9</sup> Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1912, 300-301.

<sup>10</sup> Sigurður Sigurðsson: „Vatnsveitingar“. *Búnaðarrit* (1919), 1.





Flóðgarður vegna áveitu á engjum Bæjar í Bæjarsveit, sennilega frá ofanverðri nítjándu öld. Til þess að vel tækist áveitan hefur þurft að hafa góðan búnað til hallamælinga á landinu.

möguleika til greiningar og lýsingar áveituminja; sumar minjanna má jafnvel greina á Google Earth. Að minnsta kosti tveir heimildarmannanna höfðu nýtt sér dróna-tæknina og með stórgóðum árangri.

Sé nú vikið nánar að svörum heimildarmannanna má nefna að einungis fáir þeirra höfðu kynnst áveitum af eigin raun. Þeir síðarnefndu röktu minningar um notkun áveitnanna fram um 1950, á tveimur þremur stöðum fram um 1970 og a.m.k. á einum bæ mun áveita enn í notkun hvert vor. Nokkrir heimildarmenn gátu lýst verklagi við áveizluna, oftast skv. frásögnum eldra fólks á bænum, t.d. hvenær ársins hefði verið veitt á (vetur, vor), og hvenær og hvernig veitt var af – svo sem hálfum mánuði fyrir slátt og þá mjög varlega svo slægjan félli síður saman. Nokkrum var gildi og saga áveitunnar einkum minnisstæð vegna nota hennar sem skautasvells á vetrum. Fáir vissu um upphafstíma áveitu á heimabæ, nokkrir vissu þó hvenær og hverjir höfðu verið þar að starfi. Tíðast var þá nefndur síðasti fjórðungur nítjándu aldar.

Með almennum orðum og hraðferð um landið má svo nefna nokkra punkta úr ábendingum og frásögnum heimildarmannanna:

- Áveita til stórheyskapa að Laxárnesi Kjós með vatni úr ánni Bugðu.
- Miklir áveitugarðar á Bæjarengjum í Borgarfirði til nýtingar vatns úr Blundslæk.
- Hvernig Kalmanstungubændur nýttu vetrarhlaup í Norðlingafljóti til engjaáveitu.
- Lítil áveita úr Gunnarsstaðaá á Skógarströnd sannanlega gerð á árunum 1850-1874.
- Hvernig straumveita var lögð um tún Ögurs við Djúp, þó til hóflegra þæginda fyrir ökumann er kom að heyskap með Farmall þar á bæ.



Finnur Pétursson bóndi í Káranesi við inntaksmannvirki áveitu að Laxárnesi í Kjós; aðveituskurðurinn að baki honum er mjög tekinn að fyllast. Áveitunni þar lét athafnamaðurinn George Copeland koma upp á árunum í kringum 1920.

- Hugvitsamleg beiting vatnsstöðu Ásatjarnar í Austur-Húnavatnssýslu til grasauka með miklum flóðgörðum um tjörnina.
- Snotur smá-áveita á Vöglum í Eyjafjarðarsveit sem í notkun var fram til 1979.
- Safn örnefna í Saurbæjarhreppi er skírskota til áveitu, en slík nöfn má finna í mörgum sveitum. Sérstætt er t.d. örnefnið *Afhleypumýri* við Hítará og ýmsir nefndu *Veiturnar* sem virðist alþekkt örnefni í slægjulandi víða um land.
- Heimild um það hvernig grjóttgarði í Selfljóti í Hjaltastaðapinghá var ætlað að tryggja að vatn fljótsins flæddi upp á blárnar á vorin og gæfi grasauka.
- Mælingablöð Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings vegna gerðar áveitu í Vestur-Landeyjum og ljósmyndir af minjum um þær.
- Og loks nákvæm greinargerð um áveituna á Galtastöðum í Flóa eftir Sigurjón Erlingsson, dæmigerðrar „undir-áveitu“ sjálfrar Flóaáveitunnar.

En ábendingarnar eru mun fleiri og fjölbreyttar að efni. Samantekt þeirra bíður betri tíma. Þessum línunum er einkum ætlað tvennt: Að þakka heimildarmönnum sem brugðust við fyrirspurn inni í *Bændablaðinu*; ef einhver, sem les þessar línur, lumar á fróðleik má enn bæta í sarpinn! Að hvetja fólk til þess að gefa áveituminjum (og öðrum ræktunarminum) gaum, skrá þær og/eða vekja athygli á þeim svo ekki glatist eða skemmist vegna aðgæsluleysis. Þær eru hluti af búnaðarsögu okkar – þjóðarsögunni – sýnilegar menningarminjar sem eiga sér rætur í eldfornum verkháttum landsmanna.

**Melissa**



**Frá fallegustu borg í heimi, Hamborg í Þýskalandi DE270793.**

**Foreldrar Ute Böhme og Manfred Böhme.**

**Af hverju búfræði?** Því ég heyrði að ef maður fer einhleypur á Hvanneyri fer maður ekki einhleypur þaðan. Svo hef ég líka gaman af búskapi.

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Vonandi nú bara í fjósi að hafa enn þá jafn gaman af starfinu mínu og í dag.

**Komstu á Hvanneyri til að finna maka með eða án jarðar?** Heldur betur, var að leita að bóndasyni á Suðurlandinu frá stóru kúabúi með ágætis kvóta. Hefði ég ekki fundið hann hér, hefði ég auglýst eftir honum í Bændablaðinu.

**Draumurinn að búa með?** Allan daginn kýr og hesta. Nauðsynlegt að eiga ketti bæði í fjósi og í húsi. Ekki vitlaust að vera með mann til að þurfa ekki standa ein í þessu.

**Ef þú værir kind hvernig kind værir þú?** Mórauður hyrndur heimalningur, ekki séns að ég búi heilt sumar upp á fjalli.

**Patrekur Arnar**



**Frá Bárðartjörn Grýtubakkahreppi, IS180599.**

**Foreldrar Guðjón Arnar Þórsteinsson frá Bárðartjörn Grýtubakkahreppi og Emma Björk Jónsdóttir frá Akureyri.**

**Af hverju búfræði?** Því ég hef áhuga á búskap

**Ef þú værir kýr hvernig kýr væri það?** Ég væri afurðahæsta kýrin.

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Mokgræða í sauðfjárrækt.

**Eftirminnilegasta atvikið?** Árshátíð 2018.

**Draumurinn að búa með?** Konu og kindur.

**Hverjir eru þeir nauðsynlegustu hlutir til að eiga á Hvanneyri?** Subaru, lopapeysa og ísskápur.

**Hvert fórstu í verknám?** Ég var á Hesti.

**Hefur þú hugsað þér að vinna við landbúnað í framtíðinni?** Já.

**Komstu í makaleit?** Nei.



# VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Í öllum þeim fjölbreyttu störfum sem tengjast íslenskum landbúnaði, hvort sem það er að yrkja landið, fóðra dýr, girða af land eða framleiða matvæli

- þá er Bústólpi aldrei langt undan.



**Bústólpi**


FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf - fóður og áburður - Oddeyrartanga - 600 Akureyri - bustolpi@bustolpi.is - Sími 460 3350 - www.bustolpi.is

Íslensk  
gæða-  
framleiðsla



## Þorsteinn Már



Frá Ósi 1 í Hvalfjarðarsveit, IS161297.  
Foreldrar Sigríður Helgadóttir  
frá Selfossi og  
Ólafur Þorsteinnsson frá Ósi 1.

**Af hverju búfræði?** Til að verða betur undirbúinn undir störf framtíðarinnar.

**Hvað myndirðu gera ef þú værir fastur upp á fjalli?** Hringja í neyðarlínuna.

**Komstu á Hvanneyri til að finna konu með eða án jarðar?** Það var engin stelpa í skólanum með mikinn kvóta svo án jarðar.

**Harðasti iðnaðarmaður bekkjarins?** Klárlega Hermann Sæmundsson.

**Ef þú værir hestur hvernig hestur værir þú?** Geldingur.

**Sófinn eða rúmið?** Sófinn.

**Draumurinn að búa með?** Margar kýr og konu.

**Hvað tekur við eftir nám?** Búskapur.

**Hver er mesti stórbóndi bekkjarins?** Steinþór Logi aka fjósameistari.

**Ef þú værir kind hvernig værir þú þá á litinn og hvort værir þú hyrnd eða kollótt?** Svört, kollótt beint í sláturhús.

## Steinþór Logi



Frá Stórholti í Saurbæ, Dalasýslu IS030199.

Foreldrar Ingveldur Guðmundsdóttir frá Heggstöðum í Kolbeinstaðahrepp og Arnar Eysteinnsson frá Bersatungu í Saurbæ.

**Af hverju búfræði?** Viljinn til að læra meira um landbúnað og kynnast fólki í svipuðum hugleiðingum er í grunninn það sem dreif mann af stað. Það brást svo sannarlega ekki.

**Hvert fórstu í verknám og hvað er eftirminnilegast?** Á kúabú í Danmörku og sauðfjárbúið Húsavík á Ströndum. Jarðræktin hið ytra og speki um allt mögulegt er það sem situr eftir í kollinum fyrir utan frábæran tíma með skemmtilegu fólki.

**Hverjar eru þrjár mikilvægustu eigur Hvanneyrings?** Lopapeysa, gleði og tilkall í jörð er góður kostur.

**Gullmoli bekkjarins?** Bekkurinn er hópur ósvikinna gullmola en Marta er Gullmoli með stóru G-i.

**Hver er með mestu fjósalyktina í bekknum?** Þessir fnykir renna allir saman ef maður tekur eftir þeim á annað borð. Það er það sem er svo heimilislegt og gott við Hvanneyri.

**Hefur viðhorf þitt til landbúnaðar breyst eftir námið?** Vissulega á ákveðinn hátt. Ég skynja stöðuna og þau tækifæri sem eru til staðar enn betur sem gerir mann aðeins líklegri til góðra verka. Ég held að námið hafi aðeins gefið manni aukinn kraft og meiri getu til að láta drauma sína rætast.





# NOKKUR ORÐ UM SKÓGRÆKT

SIGRÍÐUR JÚLÍA BRYNLEIFSDÓTTIR, BÚFRÆÐINGUR, SKÓGFRÆÐINGUR  
& SVIÐSSTJÓRI SKÓGARAUÐLINDASVIÐS HJÁ SKÓGRÆKTINNI

Ýmis hugtök og orð hafa oft fengið vængi, mönnum orðið tíðrætt um þau í ræðu og riti. Sjálfbærni er eitt af þeim hugtökum og þá er verið að vísa í sjálfbæra þróun. Sjálfbær þróun snýst um að skerða ekki möguleika komandi kynslóða með óafturkræfum aðgerðum, búa frekar í haginn fyrir komandi kynslóðir. Þetta leiðarljós eigum við alltaf að hafa í huga í athöfnum okkar.

Þegar ég hugsa um jörð þá hugsa ég um hvað er hægt að gera til að fá sem mest út úr henni. Þá er fjölbreytni lykilatriði að mínu mati, því öll starfsemi, hvaða nafni sem hún nefnist hlýtur að styðja hvor aðra. Skógur eru þar engin undantekning en í þessari litlu grein ætla ég að fjalla um skógrækt.

Þegar jarðareigandi tekur ákvörðun um að taka hluta af jörðinni sinni undir skógrækt þá hefur hann um tvo kosti að velja, annarsvegar að gera það á eigin kostnað eða fá stuðning frá ríkinu og stofna til skógar með því að gerast þátttakandi í verkefninu Nytjaskógrækt á lögbýlum. Markmiðið með skógræktarverkefnum á lögbýlum, sem áður voru kölluð landshlutaverkefni í skógrækt, er að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í fjölnytjaþróun og viðhaldi byggðar í öllum landshlutum, ásamt því að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir. Markmið með skógræktinni geta verið mismunandi og alltaf spurning hvað felst í orðinu „nytja“skógrækt. Nú á síðustu misserum er t.d. höfuðáherslan á kolefnisbindingu í tengslum við markmið um kolefnishlutleysi Íslands sem sett voru fram í loftslagsáætlun ríkisins. En nytjar af skóginum geta verið fjölmargar fyrir utan kolefnisbindinguna. Til að tryggja og viðhalda vexti skógarins þarf að hirða um hann og erum við komin á þann tímamark í mörgum af okkar elstu skógum að þá þarf að grisja, það hefur orðið mikil gróska í sölu og þróun á íslensku timbri og í því felast tækifærin. Þó nokkuð er um bændur sem nota grisjunarvið til húskyndingar. Nokkuð er um að menn vinni girðingarstaura úr grisjunarvið

og svo má ekki gleyma jólatrjánum. Talið er að á Íslandi sé jólatrjáamarkaðurinn yfir 50 þúsund tré, þar af eru um 80% þeirra flutt inn. Það er verðugt markmið að reyna að ná þeirri tölu niður og auka hlut íslenskra jólatrjáa í stofum landans.

En ef við snúum okkur aftur að byrjuninni og förum yfir ferlið frá því að ákvörðun er tekin um að fara af stað í skógrækt og hvaða skref þarf að taka. Fyrst þarf að sækja um þátttöku, eftir það er kannað hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði að jörðin sé lögbýli og eignarhald sé á hreinu. Aldrei má gera samning á landi sem er í óskiptri sameign en það er býsna algengt að þar séu bændur að rekast á fyrsta vegginn og úr því þarf að greiða. Skógræktarráðgjafi heimsækir jörð umsækjanda. Í heimsókninni er unnið eftir gátlista og er þetta vettvangskönnun á væntanlegu skógræktarsvæði. Að loknum athugunum og mati samkvæmt vettvangskönnun gerir skógræktarráðgjafi tillögu í formi skýrslu þar sem m.a. eru tilgreind mörk væntanlegs samningssvæðis á hnitsettu myndkort. Allt þetta er unnið í samráði og samvinnu við umsækjandann (landeigandann/bóndann). Þegar þetta er komið þarf landeigandinn að sækja um framkvæmdarleyfi til sveitarfélags síns og þegar það liggur fyrir þá er hægt að ganga frá samningi sem er þinglýst. Stærð samningslands er mjög breytileg frá 15 ha upp í nokkur hundruð ha, allt eftir áhuga og aðstæðum hjá hverjum og einum. Eftir að samningurinn er klár er unnin ræktunaráætlun sem unnið er eftir. Þetta ferli frá umsókn til framkvæmda getur tekið 1-2 ár.

Þegar komið er að því að hefja framkvæmdir verður fókusinn eðlilega á það að planta trjánum og það fer allt eftir umfangi samningsins og áhuga landeigenda hvað það getur tekið langan tíma að fylla í samningslandið. Margir hafa skoðanir á því hvað séu eðlileg afköst við gróðursetningu en afköstin og gæði gróðursetninganna verða að haldast í hendur, mér hefur fundist ágætis viðmið að hæfilegt sé að

ein manneskja planti 800-1000 plöntum á dag. Á hverju ári fá skógarbændur heimsókn frá skógræktarráðgjafa sem gerir gæðaúttektir á nýgróðursettum svæðum. Þessar gæðaúttektir byggja á skráningum bænda um staðsetningu gróðursetninga og eru þá ýmsir þættir kannaðir eins og hvort plantan sé vel gróðursett, hvort tegundir séu settar á rétta staði skv. áætlun o.s.frv. Þegar landið er fullplantað tekur við einhver biðtími á meðan skógurinn vex en það er þó alltaf mælt með að fólk hugi að umhirðu til að auka gæði trjánna og lokaafurðarinnar, timbursins. Það er nefnilega svo að skógrækt er ekkert öðruvísi en hefðbundinn landbúnaður, eftir því sem skóginum er sinnt meira því betri verður hann. Dæmi um nýtingu á skógi sem er að vaxa upp er að nota hann til skjóls fyrir búpening og hefur verið fjallað um góða reynslu bænda á Austurlandi sem nota lerkiskóginn sinn sem beitarskóg en hann er að nýtast sérlega vel á sauðburði og aftur á haustin þegar féð kemur af fjalli.

Stór þáttur í því að gera skógana betri er gott samband milli ráðgjafa og bænda. Skógræktarráðgjafar á vegum Skógræktarinnar eru starfandi víða um land og eru bændur

hvattir til að leita til þeirra með allt sem þeim dettur í hug í tengslum við skógrækt. Fræðsla og ráðgjöf er lykilatriði og því vil ég í lokin benda á heimasíðu Skógræktarinnar en þar er að finna fræðslufni í rituðu máli auk myndbanda. Leyfi ég mér að benda sérstaklega á fjögur myndbönd sem vakið gætu áhuga og fólk til umhugsunar um möguleikana sem skapast við það að fara í skógrækt.

Slóðir á myndbönd:

Um beit í skógi <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedslufni/myndbond/file/hagaskograekt-styrd-fjarbeit>

Um girðingastaura <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedslufni/myndbond/file/lerkistaurar-fraestir-glaestir-og-naestir>

Um umhirðu <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedslufni/myndbond/file/hirdum-um-skogana>

Um húshitun <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedslufni/myndbond/file/skogur-og-orka>

-----



**Frá Finnörk í Fitjárdal V-Hún, IS081295.  
Foreldrar Kristófer Jóhannesson frá  
Finnörk og Kristín Guðbjörg Arnardóttir  
frá Hafnafirði**

**Afhverju búfræði?** Því mig langaði að auka þekkingu mína á búskaparháttum. Líka gaman að kynna fólk á sama áhugasviði.

**Eftirminnanlegasta atvikið?** Sennilegast þegar ég var í verknáminu að dreifa skít á túnin og haugsugan stíflaðist hjá mér. Ég ein út á túni ætlaði að bjarga mér en fór ekki betur en svo að ég náði að losa stífluna en endaði ekki alveg eins og ég ætlaði mér. Öll út í skít frá toppi til tár.

**Hver er mesta kyntröll bekkjarins?** Hermann Sæmundsson.

**Komstu á Hvanneyri í leit að finna maka með eða án jarðar?** Án jarðar, eða það fer samt eftir ýmsu..

**Geta hænur flogið?** Allavega geta mínar hænur flogið.

**Hefur þú hugsað þér að vinna við landbúnað í framtíðinni?** Já, það væri draumurinn.

**Hver á fallegasta féð?** Ég að sjálfsgöðu.

**Hvernig er mögót kind á litin?** Golsótt.

**Hver muntu sakna frá Hvanneyri?** Félagslífsins, eins skólans.





# SAMTÖK UNGRA BÆNDA FAGNA ÁRATUGSAFMÆLI

STEINÞÓR LOGI, BIRGIR ÖRN, JÓNA BJÖRG FORMAÐUR,  
ÞÓRUNN DÍS OG GUÐMUNDUR B

Um þessar mundir er liðinn áratugur frá því að ungir bændur víðsvegar um landið tóku sig saman og stofnuðu til félagskaps í því skyni að efla rödd sína og gæta hagsmuna sinna. Það er því tilvalið að líta til baka til þess sem hefur áorkast á þeim tíma í málefnum ungra bænda en horfa jafnframt enn lengra fram á veginn og kortleggja sóknarfærin.

Líklega má segja að helsti ávinningur ungra bænda sé nýliðunarstuðningurinn sem fyrst var úthlutað 2017. Hefur hann án efa létt undir kynslóðaskiptum á búum líkt og tilgangur hans er. Það verður þó ekki sagt að það að hefja búskap í dag sé einfalt eða öllum gefið og má því engu við slaka í að leita leiða til að auðvelda ungu fólki að taka við eða hefja búrekstur til þess að eðlileg endurnýjun geti átt sér stað í bændastéttinni. Til að mynda er mikilvægt að tryggja að nýliðar og ungir bændur séu í forgangshóp við útteilingu framleiðsluréttar þar sem það á við. Samtökin hafa öðlast rödd innan Bændasamtakanna en þar eru þau fullgilt aðildarfélag með fulltrúa á Búnaðarþingi sem er vel.

Nýverið lauk vel ígrundaðri stefnumótun Samtaka ungra bænda til næstu fimm ára. Þar báru hæst atriði sem snúa meðal annars að því að styrkja og standa vörð um stöðu ungra bænda í landbúnaði, hvetja til nýliðunar og menntunar á sviði landbúnaðar og að stuðla að því að starfshættir landbúnaðar séu umhverfis- og fjölskylduvænir og samrýmist dýravelferð svo eitthvað sé nefnt. Þar með er jafnframt kallað eftir stefnum og leiðum til lengri tíma hvað varðar orkugjafa í landbúnaði og kolefnisjöfnun hans, skilgreiningar á landnotkun eftir eiginleikum mismunandi svæða, félagslega sjálfbær samfélög í dreifðari byggðum og stöðu lýðheilsu og fæðuöryggis þjóðarinnar til dæmis. Sum þessara atriða eiga beint við matvælastefnu sem þyrfti að móta svo unnt sé að vinna markvisst að farsælum markmiðum.

Sóknarfæri íslensks landbúnaðar eru mörg og er það hlutverk ungra bænda að nýta sér þau. Það skiptir miklu máli að ímynd landbúnaðar sé sem best út á við og að sem mest skilvirkni ríki í framleiðsluáferðum sem og að þær séu sjálfbærar. Það er hægt að ganga talsvert lengra í heimaöflun fódurs til að mynda og minnka þannig innflutning fódurs um leið og atvinna í landbúnaði eykst með auknum umsvifum. Það er án efa hagur stéttarinnar til lengri tíma að bændum sé kleift að afla síns fódurs að mestu leyti heima við sem og annarra aðfanga, þar með eignum við jafnframt möguleika á að lágmarka vistspor íslensks landbúnaðar.

Í haust stendur til að fagna tíu ára afmæli samtakanna með því að blása til samkomu þar sem ætlunin er að ræða málefni er snúa að stöðu ungra bænda og framtíð íslensks landbúnaðar. Þá má jafnframt gera ráð fyrir að tíunda árshátíð samtakanna verða stórglæsileg en hún verður haldin í byrjun næsta árs á Vesturlandi samhliða aðalfundi. Það er von stjórnar að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í því að fagna afmæli samtakanna og taka um leið þátt í félagsstarfi sem leiðir til aukinnar samheldni ungra bænda.

Forysta Samtaka ungra bænda óskar nýútskrifuðum búfræðingum til hamingju með prófið með von um að þeir muni láta til sín taka á sviði landbúnaðar í komandi framtíð á einn eða annan hátt.

Lifi ungir bændur!

Jóna Þórey



Frá Vík í Mýrdal, IS041194.

Foreldrar Guðlaug Þorvaldsdóttir frá Núpakot  
A-Eyjafjöllum og Árni Gunnarsson  
frá Vík í Mýrdal.

**Af hverju valdir þú búfræði?** Því mér finnst þetta fróðlegt og skemmtilegt nám sem mun koma að góðri notkun í komandi framtíð.

**Hvað er það besta við Hvanneyri?** Ég held ég verði að segja allt þetta frábæra fólk sem maður hefur kynnst á þessum 2 árum.

**Draumurinn að búa með?** Hross og kindur

**Hvernig er golsótt kind á litin?** Meinarðu ekki mögótt?

**Besta barna teiknimyndin?** Lion King ekki spurning.

**Skemmtilegasti tíminn í skólanum?** Líffæra- og lífeðlisfræði og sauðfjárrækt.

**Hvað tekur við eftir námið?** Stefnan er tekin út hvort sem það mun standast eða ekki, kemur allt í ljós.

**Hvernig hefur þér líkað námið á Hvanneyri?** Hef kunnað mjög vel við það, ýmislegt sem má breyta og bæta samt.

**Geta hænur flogið?** Bíddu til hvers að hafa vængi ef þú notar þá ekki?

**Hver er besta fóðurjurtin þín?** Rauðsmári.

**Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?** Fimmtudaganna og fólksins sem maður kynntist hér.

Ragnheiður Hulda



Frá Skerðingsstöðum, IS070699.

Foreldrar Jón Egill Jóhannsson frá  
Skerðingsstöðum og Bjargey Sigurðardóttir  
frá Stóra-Kálfalæk.

**Af hverju búfræði?** Gamall draumur, var búin að ákveða það bara þegar ég var lítil að ég ætlaði að verða Búfræðingur.

**Komstu í leit að maka með eða án jarðar?** Bæði betra.

**Ef þú værir nytjaplanta, hver væri það?** Ætli ég væri ekki snarrót sem væri alltaf verið að reita í burtu en kæmi alltaf upp á sama stað aftur.

**Hver er harðasti sauðfjárbóndi bekkjarins?** Klárlega ég sjálf.

**Hvar sérðu þig eftir 10-15 ár?** Vonandi orðin ríkur sauðfjárbóndi sem á allar helstu nauðsynjar eins og stóran hrúta jeppa, stóran traktor (sko stóra Völtru, helst bleika).

**Hverjar eru þrjár nauðsynlegustu eigur Hvanneyrings?** Lopapeysa helst svona 3-6 stk, góðir gúmmískór og ætli bjórinn verði ekki alltaf að fylgja.

**Hvers muntu sakna frá Hvanneyri?** Held að ég eigi eftir að sakna mest bekkjarins, og síðan bara að vera á Hvanneyri með skemmtilegu fólki.

**Lýstu bestu sveitinni í þremur orðum?** Skeggjadalurinn, þarf ekki fleiri orð.





# BÚFJARRÆKTARFERÐIN 2019

ELÍN SARA FÆRSETH, NEMANDI Í BÚFRÆÐI II SKRIFAR

Ár hvert er farið í hina geysivinsælu búfjarræktarferð og var núna farið á Suðurlandið.

Það er farið annað hvert ár suður og á móti er farið á Norðurlandið. Þessi ferð er skipulögð af öðru ári í búfræði, og stóð nefndin að mestu af Sunnlendingum en þó nokkrir aðrir annarsstaðar frá. Í þessari nefnd voru Elín Sara Færseth frá Njarðvík á Suðurnesjum, Grímur Kristinsson frá Ketilvöllum, Gunnhildur Gísladóttir frá Stóru-Reykjum, Ingvi Guðmundsson frá Hríshól í Eyjafirði, Jóna Þórey Árnadóttir frá Vík í Mýrdal og Melissa Böhme frá Hamborg í Þýskalandi. Ferðina reyndum við að hafa eins fjölbreytta og hægt var. Við ferð eins og þessa þarf mikinn metnað og vinnu til að skipuleggja hvert skuli fara.

Við byrjuðum ferðina snemma á föstudeginum þar sem lagt var af stað stundvíslega kl. 08:45. Í ár var fámennt í ferðinni en góðmennt og byrjaði ferðin afskaplega vel. Fyrsta stopp var hjá Liflandi á Grundartanga, þar tók Arnar á móti okkur og hélt kynningu fyrir okkur ásamt því að sýna okkur starfsemina þeirra, þar er verið að útbúa kjarnfóður fyrir búfenað á Íslandi. Því næst var haldið af stað til Jóhannesar og Bjargar á Heidiabæ en þar eru þau með sauðfjárbú. Þar á eftir fórum við á Hjálmsstaði þar sem Daníel og Ragnhildur tóku á móti okkur, þar eru þau með 4 ára gamalt fjós með mjaltagryfju. Í hádeginu fórum við á Efsta-Dal og fengum við dýrindis hamburgara, á meðan beðið var eftir matnum sögðu Halla Rós og Linda

okkur frá staðnum og hvernig þau öll systkinin vinna saman með búíð og veitingastaðinn. Virkilega flottur veitingastaður þar sem hægt er að horfa yfir hluta af fjósinu. Næsta stopp var sauðfjárbúíð á Vatnsleysu en þar tóku Rúnar Björn og Birta á móti okkur og sögðu okkur frá þeirra búskap. Næst var komið að því sem allir biðu eftir en það var að skoða skógrækt. Kom flestum á óvart en virkilega gaman að prufa að skoða eitthvað nýtt og hittum við hann Trausta sem sagði okkur örlítið um skógræktina á Spóastöðum. Færðum okkur þaðan í fjósið á Spóastöðum, þar sem Ingvi og Þórarinn tóku á móti okkur og sýndu okkur nýtt tveggja mjaltarþjóna fjós, þar hafa þau Lely mjaltarþjón með Valmetal fóðurkerfi og færiband. Síðan var haldið af stað á Ósabakka en þar fengum við að kíkja í fjárhúsið hjá Jökli og Hildi, hér var sérstaklega skemmtilegt að skoða féð þar sem hann hefur náð miklum árangri með ferhyrnt, ferukollótt og litað fé. Síðasti bærinn sem við fórum á á föstudeginum var heim til hennar Gunnhildar sem sá meðal annars um ferðina. Þetta voru Stóru-Reykir og hafa þau bæði sauðfé og kýr. Foreldrar hennar þau Gísli og Jónína sýndu okkur fjósið og Geir bróðir Gunnhildar sýndi okkur fjárhúsið. Í lokin enduðum við síðan í Þingborg þar sem við gistum yfir helgina, enduðum daginn á að hita upp súpur frá SS fyrir allan hópinn, sem voru afar ljúffengar.

Á laugardeginum var lagt af stað um 9 leytið frá Þingborg, svo ekki var leyfilegt að sofa út þennan dag. Ferðin

byrjaði á Lækjartúni þar sem Hulda og Tyrfingur tóku á móti okkur, Hulda sýndi okkur Uppspuna sem er smáspunaverkstæðið sem þau eru með ásamt lítilli verslun uppi á annarri hæð. Tyrfingur sýndi okkur síðan fjárhúsið þeirra. Héldum ferðinni áfram í Fljótshlíðina og kíktum til hans Eggerts á Kirkjulæk, þar er fjós með mjaltagryfju sem er stillanleg. Einnig hafa þau nokkra hesta og nokkrar kindur sem við fengum að skoða.

Því næst var komið að Þorvaldseyri þar sem Ólafur tók á móti okkur og sýndi okkur staðinn. Þarna dvöldum við lengi þar sem mikið var að skoða. Hann byrjaði að sýna okkur safnið, síðan repjuolíupressuna þar sem hann býr til sitt eigið kjarnfóður úr repjunni, við kíktum á korngeymsluna, vélarnar og síðan enduðum við á að skoða fjósið. Eftir þessa heimsókn voru allir orðnir svangir og fórum við þá í Skálakot og fengum að snæða á góðri kjötsúpu, þar skoðuðum við síðan hesthúsið þeirra. Næst var farið á Fit þar sem Sigga og Jói tóku á móti okkur en þar fengum við að skoða fjósið þeirra sem þau gerðu að mestu sjálf, þetta nýja mjaltagryfju fjós var mjög flott. Þar á eftir kíktum við til Birkis og Bóelar á Móeiðarholi, þar hafa þau nýlegt fjós með tveimur Lely mjaltarþjónum, sem auðvelt er að stækka í fjögur mjaltarþjóna fjós. Seinasti bærinn sem farið var á þennan dag var á Efri-Rauðalæk þar sem Guðmundur og Eva tóku á móti okkur og sýndi okkur gæðingana þar ásamt vatnsbretti og titrarabretti sem þau nota við þjálfun hesta. Enduðum síðan daginn á Þingborg og pöntuðum pítsu hjá Skalla á Selfossi til að fódra fólkið. Þessi dagur var rólegri en föstudagurinn og voru allir slakir, og var því notið þess að geta slakað á í pottinum eftir langan dag.

Þá var komið að síðasta deginum, en á sunnudeginum var vaknað aðeins seinna en fengum þó ekki að taka því rólega þar sem við þurftum að ganga frá húsnæðinu. Þegar allir voru komnir í rútuna var farið á Hurðabak, en þar tóku þau Reynir og Fanney á móti okkur, en þar er nýlegt fjós með Lely mjaltarþjónum og síðan hafa þau einnig fjárhús sem við fengum

## Styrktaraðilar ferðarinnar voru eftirfarandi

*Bíó Bú – Bústólpi – Erpstaðir – FB lagnir – Fiskvinnslan Drangur – Fóðurblandan – Harpa Ósk-dýralæknir – H.Hauksson – Hótel Dyrhólaey – Hvanneyrabúið – Jötunn vélar – Kemi – Kristín Þórhallsdóttir-dýralæknir – Kaupfélag Borgfirðinga – Landsamband kúabænda – Landssamtök Skógareigenda – Lely center – Límtré – Mast – Mýranaut – Mjólkursamsalan – Nýhönnun – Norðlenska – Þj byggingar – Sauðfjársetrið Hólmavík – Skammidalur – Smiðjan brugghús – Skvh – Sparisjóður Strandamanna – Skeljungur – Steðji – Vélaval – Vélfang.*

að skoða. Því næst var haldið af stað í Egilsstaðakot þar sem Þorsteinn og Cathy tóku á móti okkur. Þar hafa þau nýlegt fjárhús og nýlegt nautaeldishús, afskaplega gaman á þeim stað þar sem Þorsteinn sagði okkur mikið frá því sem þar hefur verið gert. Næst á dagskrá var að skoða Litla-Ármót, þar sem Ragnar og Hrafnhildur tóku á móti okkur og sýndu okkur nýja fjósið sem var þó ekki tilbúið en langt komið. Enduðum ferðina á að borða á Fákaseli og þaðan fórum við heim á Hvanneyri.

Ferðin heppnaðist ótrúlega vel, stemningin var góð í rútunni þar sem tekinn var upp gítar ásamt harmonikku og spilað og sungið á milli staða, einnig á leiðinni heim. Skemmtum okkur vel saman og ekkert fór úrskeiðis.

Búfjárræktarferðin 2019 gat ekki gengið betur, tímaplaninu var náð nokkuð vel og vorum við afskaplega ánægð með ferðina. Við viljum þakka rútubílstjóranum frá Skagaverk kærlega fyrir að fara með okkur um allt Suðurlandið. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku á móti okkur kærlega fyrir að vilja taka á móti okkur. Að lokum viljum við þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu ferðina því án þeirra hefði ekki verið hægt að fara í ferð eins og þessa.



**Biarki Már**



Frá Sauðárkróki, IS060695.

Foreldrar Haraldur Birgisson frá Bakka í Viðvíkursveit  
og Edda Guðsteinsdóttir frá Tunguhálsi 1 í  
Lýtingstaðahrepp.

Af hverju búfræði? Því áhuginn liggur í búskap.

Skemmtulegustu tímarnir í skólanum? Heimavinnsla afurða hjá  
Karenu.

Hvað stefnir þú á að gera í framhaldi af náminu? Safna pening.

Geta hænur flogið? Auðvitað.

Hefur þú hugsað þér að vinna við landbúnað í framtíðinni? Já,  
annars hefði maður líklega ekki farið í skólann.

Hvert fórstu í verknám? Úthlíð í Skaftártungu.

Hvaða bústofn myndirðu vilja búa með? Kýr, hross og góða konu

Hvort er klaufdýr, kind eða kýr? Kýr að sjálfsögðu.

Ef þú værir kind hvernig værir þú þá á litinn og hvort værir þú  
hyrnd eða kollótt? Hreinhvítur hyrndur sæðingarstöðvarhrútur.

# FÓÐUR Á FERÐINNI ... Á LEIÐ TIL ÞÍN



**FÓÐURBLANDAN**

...gæði í hverri gjöf!



# Frelsí

... TIL AÐ VAXA  
MEÐ NÁTTÚRUNNI

**5. JÚNÍ**

**LBHI.IS**

SNÚÐU VAXANDI ÁSKORUNUM Í UMHVERFISMÁLUM  
OG MATVÆLAFRAMLEIÐSLU ÞÉR Í VIL

